# KLIFUR

MÁLGAGN SJÁLFSBJARGAR LSF :: 1. TBL. 24. ÁRG.



Þorkell Sigurlaugsson stjórnarformaður Sjálfsbjargarheimilisins tekin tali



Vel heppnuð Hjálpartækjasýning



# Jólahappdrætti Sjálfsbjargar




Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra eru mannréttindasamtök sem berjast fyrir bættum hag fatlaðs fólks í samfélaginu. Baráttan nú snýst um að verja þau réttindi um bætt aðgengi í samfélaginu sem náðst hafa með samþykkt nýrra laga um mannvirki sem samþykkt voru á Alþingi þann 28. desember 2010. Eitt af markmiðum laganna er að tryggja aðgengi fyrir alla. Með aðgengi fyrir alla er átt við að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun mannvirkja á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og það geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í eldsvoða. Jafnframt séu sjónarmið algildrar hönnunar höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra. Hugtakið Algild hönnun er nýtt í íslensku máli, en það þýðir: Hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun. Algild hönnun útilokar ekki hjálpartæki fyrir fatlaða sé þeirra þörf. Sett hefur verið byggingarreglugerð á grundvelli laganna þar sem algild hönnun er eitt af meginstefum reglugerðarinnar. Með setningu umræddra laga og reglugerðar hefur áratugabarátta Sjálfsbjargar loks borið árangur. Sjálfsbjörg hefur á undanförnum misserum unnið að því að efla skilning í samfélaginu á nauðsyn þess að tryggja aðgengi fyrir alla. Það verkefni heldur áfram.

**Með kaupum á happdrættismiða í Jólahappdrætti Sjálfsbjargar 2013 styður þú mannréttindabaráttu Sjálfsbjargar. Happdrættið er megintekjulind samtakanna og gott gengi þess er forsenda fyrir því að Sjálfsbjörg geti haldið úti öflugri baráttu.**

**Góðir vinningar eru í boði.**
**Fyrsti vinningur er Chevrolet Cruze bifreið að verðmæti rúmlega 3 milljónir króna.**
**Aðrir vinningar eru iPad spjaldtölvur og gjafakort.**

**ÞINN stuðningur skiptir Sjálfsbjörg miklu máli!**

KLIFUR
Málgagn Sjálfsbjargar

Útgefandi: Sjálfsbjörg,
landssamband fatlaðra.
Hátúni 12, 105 Reykjavík
Sími: 5500 300 - Fax: 5500 301
mottaka@sjalfsbjorg.is

Útgáfunefnd: Aðalbjörg Gunnarsdóttir,
Andri Valgeirsson og
Þuríður Harpa Sigurðardóttir

Ritstjóri: Hilmar Karlsson, hkarls@simnet.is

Ábyrgðarmaður: Tryggvi Friðjónsson
tryggvi@sbh.is

Hönnun og umbrot og prentun:
Nýprent ehf. - nyprent@nyprent.is

Auglýsingar: Öflun ehf.

Á forsíðunni eru Jón Heiðar Jónsson og
dóttir hans Bjarney Guðrún Jónsdóttir og
er myndin tekin á Hjálpartækjasýningunni.
Myndina tók Halldór Viktorsson.
Aðrar myndir; Ýmsir.

EFNISYFIRLIT

2 Jólahappdrætti Sjálfsbjargar
3 Gengið að aðgengi
4 Þorkell Sigurlaugsson tekinn tali
8 Fundarherferð Sjálfsbjargar
10 Sjálfsbjörg á Húsavík
12 Sjálfsbjörg í Fjarðarbyggð
14 Rannveig Bjarnadóttir
15 Hjálpartækjasýningin
17 Nokkur orð um baráttumálin
19 Bergur Þorri Benjamínsson
23 Afmæli Sjálfsbjargarheimilisins
26 Minning
26 Sudoku
27 Krossgáta

*Andri Valgeirsson*

# Gengið að aðgengi

Fyrir nokkrum árum var félagi minn að gifta sig og var mér boðið í brúðkaupið og veisluna. Þegar boðsbréfið barst til mín runnu á mig tvær grímur. Brúðkaupið var haldið í óaðgengilegri kirkju, veislan haldin í óaðgengilegum sal og svo var óaðgengilegt heim til þeirra. Ég gat ekki einu sinni kíkt til þeirra í kaffi til að óska nýgiftu hjónunum til hamingju. Auðvitað er það hundfúlt að geta ekki farið á svona merka viðburði og þurfa alltaf að fá alla í heimsókn til sín en maður horfir björtum augum á framtíðina.

Frá því að ég byrjaði í Sjálfsbjörg hafa aðgengismálin alltaf verið efst eða ofarlega á baugi frá öllum sjónarhornum. Hvort sem það er aðgengi að mannvirkjum, námi eða starfi hefur aðgengið stórbatnað í gegnum tíðina, þökk sé Sjálfsbjörg, öðrum félögum og fólki sem hefur sömu markmið.

Nýjasti kaflinn í þessari baráttu sem skiptir alla þjóðfélagsþegna máli er nýja byggingarreglugerðin. Hún mun skipta sköpum fyrir hreyfihamlaða sem vilja búa hvar sem er og vilja komast í heimsókn hvert sem er. Nýja byggingarreglugerðin mun tryggja betra aðgengi þegar horft er til framtíðar og nýjar byggingar rísa.

Margir slasast á lífsleiðinni og lenda tímabundið í hjólastól. Í einu vetfangi er allt breytt, menn komast takmarkað leiðar sinnar, búa kannski í þriggja hæða blokk með engri lyftu, vinna í óaðgengilegu fyrirtæki í miðbænum og eiga sína uppáhalds kaffi- og veitingastaði þar líka. Þetta yrði ansi óhentugt, finnst ykkur ekki? Með nýrri byggingareglugerð mun þetta breytast með nýjum byggingum sem verða byggðar. Reglugerðin mun einnig í framtíðinni hjálpa barnafjölskyldum sem vilja vera í húsnæði með lyftu og eldri borgurum sem gætu búið lengur í eigin húsnæði vegna góðs aðgengis. Allt þetta skiptir máli fyrir þjóðfélagið í heild sinni.



*Þorkell Sigurlaugsson,*
*formaður stjórnar Sjálfsbjargarheimilisins*

# Hef eignast marga vini í gegnum Sjálfsbjargarheimilið



**Þorkell Sigurlaugsson hefur verið formaður stjórnar Sjálfsbjargarheimilisins frá árinu 2008, en lætur af störfum á þeim vettvangi á næsta ári. Þorkell hefur komið víða við í þjóðfélaginu og komið að stjórnun margra fyrirtækja og stofnana, bæði sem framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og stjórnarformaður. Það er því við hæfi í upphafi viðtals að fá hann til að segja aðeins frá sjálfum sér og störfum sínum.**

„Eitt hið minnisstæðasta er þegar við tókum ákvörðun um gangsetningu Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar og sá undirbúningur sem tengdist því.“

„Ég er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og vann lengst af hjá Eimskip, fyrst við ýmis störf, en tók síðan við starfi framkvæmdastjóra þróunarsviðs 1986 og í því starfi sá ég einnig um kaup og sölu skipa. Í þessu starfi var ég til ársins 2000 og þá tók ég við framkvæmdastjórastöðu Burðaráss, en Burðarás var dótturfélag Eimskips, fyrirtæki sem var í fjárfestingarstarfsemi og átti í mörgum fyrirtækjum á borð við Marel, sjávarútvegsfyrirtæki sem og stóran hlut í Icelandair, svo nokkur dæmi séu nefnd. Í þessu starfi var ég til ársins 2004, en þá varð mikil breyting á félaginu í kjölfar umdeildrar uppstokkunar í atvinnulífinu þann 19. september 2003 eftir að bankarnir voru einkavæddir og þeir hófu að skipta á milli sín lykilfyrirtækjum landsmanna og í kjölfarið eyðileggja mörg þeirra. Mér leist ekki á blikuna og hætti eins og fleiri hjá Eimskip, sumir annað hvort reknir eða fóru að eigin frumkvæði. Svo fór fyrir félaginu eins og mörgum öðrum að það fór á hausinn og var síðan endurreist.

Frá Burðarási lá leið mín í Háskólann í Reykjavík þar sem ég tók við starfi framkvæmdastjóra þróunar og nýsköpunar og sá síðar einnig um fasteignareksturinn. Guðfinna Bjarnadóttir rektor réði mig tveimur dögum eða svo eftir að við hittumst fyrst, og eins og hún orðaði það, „getur þú ekki hjálpað mér að verða betri rektor og byggt upp skólann með mér“. Það var ekki hægt annað en taka þetta starf alvarlega, en ég var ekki þarna í akdemískum störfum heldur fyrst og fremst í fjármálastarfseminni og þróunarverkefnum. Fyrsta verkefni mitt var að vinna við að sameina Tækniháskólann og Háskólann í Reykjavík og við þá sameiningu var séð fram á að það þurfti að finna nýtt húsnæði. Háskólinn var á fjórum stöðum, á Höfðabakka, í Ofanleiti og gamla Morgunblaðshúsinu við Kringluna og í Húsi verslunarinnar. Það var flókið að vera með mikla skólastarfsemi á mörgum stöðum og til þess að koma honum saman var ljóst að finna yrði nýjan stað og byggja nýtt háskólasvæði.“

## Erfitt að byggja í hruninu

„Þegar ákveðið var að byggja nýtt hús komu bæði Garðabær og Reykjavík til greina. Var að lokum eftir ítarlegt mat ákveðið að byggja í Reykjavík og fengum við úthlutaðri lóð í Vatnsmýrinni við Öskjuhlíðina þar sem við reistum háskólann, sem í dag rúmar alla okkar starfsemi. Staðreyndin er samt sú að þrátt fyrir nýlegt og glæsilegt hús þá þarf að byggja meira til að hýsa alla starfsemina í framtíðinni enda allt húsnæðið núna nýtt til hins ítrasta. Við byggðum í hruninu sem var erfitt en þetta tókst. Það var mjög skynsamlegt að klára þessa byggingu og líka Hörpuna í stað þess að láta þessar byggingar standa hálfkaraðar og minna okkur sífellt á hrunið. Það er frekar merki um að sigrast á hruninu að hafa klárað þessi verkefni og ýmis önnur.

Starf mitt hjá HR hefur aðeins breyst. Aðalverkefni mitt var að vera verkefnastjóri við hönnun og byggingu hússins sem er 30.000 fermetrar og ein stærsta bygging í Reykjavík, en síðan hefur starfið þróast þannig að ég hef tekið að mér önnur verkefni í kjölfar þess að byggingarstússið minnkaði og er nú einnig framkvæmdastjóri fjármála skólans og sé um reksturinn á húsinu og ýmis önnur þróunarverkefni. Nú bíða okkar mikil tækifæri við byggingu háskólagarða og aðstöðu fyrir nýsköpunarfyrirtæki á svæðinu.

Auk starfa minna hjá HR er ég formaður Framtakssjóðs Íslands en



40 ára afmæli Sjálfsbjargarheimilisins. Þorkell ásamt þremur starfsmönnum heimilisins.

hann var stofnaður í árslok 2009 og var liður í að endurreisa atvinnulífið. Framtakssjóðurinn er í eigu 16 lífeyrissjóða, Landsbankans og VÍS og er búinn að fjárfesta fyrir tugi milljarða í félögum eins og Vodafone, Advania, Promens, N1, Icelandic, Invent Farma og Icelandair. Þegar við fjárfestum í Icelandair var félagið mjög illa statt í miðju Eyjafjallagosi og þurfti að endurreisa félagið. Framtakssjóðurinn fjárfesti fyrir 30% hlut í félaginu og hefur sú fjárfesting skilað miklu. Rekstur Icelandair hefur gengið mjög vel og er burðarásinn í íslenskri ferðaþjónustu. Við höfum nú selt hluta af okkar eignarhluta með góðum hagnaði enda ekki hlutverk sjóðsins að eiga hlutaféð lengi.“

## Sjálfsbjargarheimilið

*Næsta sumar eru sex ár frá því Þorkell tók við sem formaður stjórnar Sjálfsbjargarheimilisins.* „Samkvæmt reglum Sjálfsbjargar er það hámarkstími fyrir mig sem formaður. Þegar ég hugsa til baka þá er þessi tími búinn að vera mjög fljótur að líða. Þetta gerðist þannig að haft var samband við mig frá Sjálfsbjörg og spurt hvort ég vildi taka að mér stjórnarformennskuna. Var ég fljótur að jánka því og ánægður með það traust sem þeir sýndu mér. Ég hafði ekkert sérstaklega verið að vinna fyrir Sjálfsbjörg þó ég hafi þekkt til og fylgst með.

Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika sem steðjuðu að húsinu og aðbúnaði íbúa og starfsmanna þá vissi ég að reksturinn var til fyrirmyndar. Þarna eru margir sem eru verulega fatlaðir og þurfa mikla umönnun og svo eru aðrir sem eru þokkalega sjálfbjarga. Þegar hafa verið sameinuð tvö herbergi í eitt, þannig að úr hafa orðið litlar íbúðir, en stóra spurningin er núna hvert fyrirkomulagið verður í framtíðinni, á að halda áfram með að klára verkefnið með herbergin og hafa heimilið eins og það er í dag en fækka íbúum á næstu árum eða á að fara aðrar leiðir. Sjálfsagt fer það eftir því hve margir íbúarnir verða og hvernig ríkisframlögin munu þróast.“

## Ríkisframlag dugar skammt

*Þorkell er spurður hvort til greina komi að selja Sjálfsbjargarhúsið og flytja starfsemina annað.* „Það er nú ekki mitt að svara því, en staðan er sú að ef húsið væri selt þá værum við um leið að fara úr stafseminni í þeirri mynd sem hún er nú nema húsið yrði leigt áfram frá nýjum eigendum. Framlög til starfseminnar er á ríkisfjárlögum en sú upphæð sem við fáum dekkar langt í frá kostnað við starfsemina hvað húsnæðiskostnað varðar. Sjálfsbjörg hefur lagt til húsið án þess að fá endurgjald fyrir. Okkur hefur aftur tekist að skapa skilning hjá stjórnvöldum fyrir þessari mikilvægu starfsemi. Reynslan segir mér að mjög erfitt væri að byggja nýtt hús og fjármagna það og er það því mín persónulega skoðun að við eigum að vera áfram í þessu húsnæði og endurbæta það og þróa starfsemina í takt við nútímaþarfir svo lengi sem þörf er á og svo lengi sem Sjálfbjörg ræður við það verkefni. Í undirbúningi hefur verið að stofna fasteignafélag um húsið og reka


## Takk fyrir stuðninginn

### REYKJAVÍK

101 Hótel ehf, Hverfisgötu 10
A. Margeirsson ehf, Flúðaseli 48
AB varahlutir ehf, Funahöfða 9
Accountant-bókhald og skattaráðgjöf ehf, Hátúni 12
Aðalblikk ehf, Bíldshöfða 18
Aðalvík ehf, Ármúla 15
Argos Arkitektastofa, Eyjarslóð 9
Arkitektastofan OG ehf, Þórunnartúni 2
Arkís arkitektar ehf, Katrínartúni 2
Atlantik ehf, Suðurlandsbraut 4a
Auglýsingastofan ENNEMM, Brautarholti 10
Á.T.V.R., Stuðlahálsi 2
Álnabær ehf, verslun, Síðumúla 32
Árni Reynisson ehf, Skipholti 50d
Ásbjörn Ólafsson ehf, Köllunarklettsvegi 6
B M Vallá ehf, Bíldshöfða 7
Balletskóli Sigríðar Ármann ehf, Skipholti 35
Barnalæknaþjónustan ehf, Domus Medica, Egilsgötu 3
Bernhöftsbakarí ehf, Bergstaðastræti 13
Beyki ehf, Tangarhöfða 11
Bezt á lambið-www.bestalambid.is,
Bifreiðastillingar Nicolai, Faxafeni 12
Bifreiðaverkstæði Svans ehf, Eirhöfði 11
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar, Hyrjarhöfða 4
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
Bjarnar ehf, Borgartúni 30
Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23
Blikksmiðja Austurbæjar ehf, Súðarvogi 9
Blikksmiðja Reykjavíkur, Súðarvogi 7
Boreal ehf, ferðaþjónusta, Austurbergi 20
Bókhaldsstofa Arnar Ingólfssonar ehf, Nethyl 2a
Bókhaldsþjónustan Viðvik ehf, Síðumúla 1
Bólstrarinn ehf, Langholtsvegi 82
Brauðhúsið ehf, Efstalandi 26
Burðarvirki ehf - Vesturland, Bláskógum 1
Búálfurinn, Lóuhólum 2-6
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf, Borgartúni 31
Casino ehf, Laugavegi 78
CC bílaleiga ehf, Snorrabraut 29
D&C ehf, Hamarshöfða 5
Dún- og fiður ehf, Laugavegi 86
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Eignaumsjón hf, Suðurlandsbraut 30
Einar Jónsson, Skipaþjónusta, Laufásvegi 2a
Endurskoðendaþjónustan ehf, Skipholti 50d
Endurskoðun og reikningsskil hf, Stangarhyl 5
EÓ-Tréverk sf, Eldshöfða 7
Erf ehf, Hverahold 1-3
Fasteignasalan Garður ehf, Skipholti 5
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Fást ehf, Köllunarklettsvegi 4
Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
Fjallamenn-Mountaineers of Iceland, Skútuvogi 12e
Fjárhald ehf, Síðumúla 27
Forum lögmenn ehf, Aðalstræti 6
Fossberg ehf, Dugguvogi 6
Fólksbílaland ehf, Bíldshöfða 18
Fraktflutningar ehf, Hlyngerði 2
Fröken Júlía ehf, Mjódd



Þorkell ásamt föður sínum Sigurlaugi Þorkelssyni og syni sínum, Sigurlaugi Þorkelssyni, alnafna afa síns.



Fjölskyldan í London 2012. Þorkell ásamt eiginkonu sinni, Kristínu og börnum þeirra og barnabörnum.

það sem sérstaka deild eða fasteignafélag í eigu Sjálfsbjargar og vera þá með sér stjórn sem annast rekstur og umsjón með húsinu. Sá aðili sæi jafnframt um útleigu og annað sem tengist húsnæðinu. Slík skipting er góð þar sem gott er að aðgreina fasteignarekstur og stússið í kringum slíka starfsemi frá rekstri heimilisins þótt hvoru tveggja væri á ábyrgð Sjálfsbjargar.“

## Samstaða í stjórninni

*Hvað skyldi Þorkeli svo vera minnisstæðast á þeim árum sem hann hefur gegnt formennsku í stjórn Sjálfsbjargarheimilisins.*

„Eitt hið minnisstæðasta er þegar við tókum ákvörðun um gangsetningu Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar og sá undirbúningur sem tengdist því. Miðstöðin þurfti húsnæði sem við höfðum yfir að ráða og skilningur velferðarráðuneytisins var mikill á að Þekkingarmiðstöðin væri þarft verk; starfsemi þar sem verið er að hjálpa hreyfihömluðum með upplýsingaþjónustu, ráðgjöf og kennslu.

Í minningunni er einnig hversu starfið í stjórninni hefur verið gott og algjör samstaða um öll mál. Ég man ekki eftir því að atkvæði hafi verið greidd í þeim skilningi að einhver hafi verið ósammála öðrum. Við höfum alltaf unnið á þann veg að ef ég hef fundið að ekki væri samstaða um eitthvert tiltekið mál þá ræðum við málið og finnum lausnir í stað þess að vera að karpa á fundum.

Vert er svo að geta þess að við héldum myndarlega upp á 40 ára afmæli Sjálfsbjargarheimilisins í sumar og í tilefni þess fékk ég nokkur fyrirtæki til að stofna sjóð sem á að nýtast til að fjármagna verkefni fyrir Sjálfsbjargarheimilið. Þetta er sjóður sem byggist upp með einni milljón á ári í þrjú ár, auk þess sem munum halda áfram að safna í þennan sjóð. Nokkur fyrirtæki styrkja þennan sjóð með jöfnum greiðslum í þrjú ár, Fastus, Össur, Stoð, Öryggismiðstöðin og Eirberg, en þessi fyrirtæki voru öll með kynningu á Hjálpartækjasýningunni í sumar.“

Hvað varðar framtíðina þá segir Þorkell að hann muni að sjálfsögðu fylgjast með gangi mála hjá Sjálfsbjargarheimilinu þótt hann láti af störfum sem stjórnarformaður. „Ég hef eignast marga vini í gegnum starf mitt í stjórn Sjálfsbjargarheimilisins og sagt að ef það er eitthvað annað verkefni sem ég get komið að, til dæmis fasteignamál þar sem ég hef mikla reynslu, þá er sjálfsagt mál að leita til mín. Hér er unnið mikilvægt starf sem gaman væri að fá áfram að fylgjast með.

## Aðgengi og flugvöllurinn

*Þorkell hefur látið sig varða aðgengismál og var meðal annars með þau í huga þegar hann stjórnaði byggingu Háskólans í Reykjavík í Nauthólsvík.*

„Í háskólanum eru margir nemendur hreyfihamlaðir og nokkrir í hjólastól. Þeir njóta þess að hafa fullkomið aðgengi, einnig eru sjóndaprir og blindir í námi sem einnig hefur verið hugsað um. Þegar gengið er um bygginguna tekur fólk eftir að settar hafa verið raufar í gólfið og þeir sem eru með blindrastaf vita alltaf hver stefnan er og hvenær þeir eiga að beygja. Þetta er aðeins eitt dæmi sem sýnir að ýmislegt er hægt að gera til að auðvelda fötluðum aðgengi.

„Almennt finnst mér hafa tekist vel með bygginguna. Við þurftum að vísu að taka mið af flugvellinum og byggingin er því ekki háreist. Hvað varðar flugvöllinn í Vatnsmýrinni þá höfum við ekki haft neinar fastar skoðanir á honum opinberlega. Flugvöllurinn er þarna og við gerðum okkur grein fyrir því að hann yrði þarna en hann gæti einnig farið. Ég hélt að hann myndi trufla okkur meira en hann gerir, það er helst þyrlur Landhelgisgæslunnar sem skapa hávaða. Ég geri mér grein fyrir að til lengri tíma litið er erfitt að hafa flugvöllinn í Vatnsmýrinni. Ég held að erfitt sé að reka flugvöllinn með eina braut og ég gerði alltaf ráð fyrir að borgin og stjórnvöld myndu semja um að hann verði þarna í einhvern lengri tíma og að hann færi síðan í heilu lagi á einhverjum tímapunkti. Þangað til getum við státað af því að vera eini háskólinn í heimi með eigin flugbraut, upphitaða baðströnd með fallegt skóglendi og miðborg í göngufæri.“

## Aðgengi oftast best á dýrustu hótelunum

*Þorkell hefur mikið þurft að ferðast erlendis vegna starfa sinna og í ljósi þess hversu aðgengi í Reykjavík þykir víða slæmt er hann spurður um reynslu sína í öðrum löndum, hvort við séum mikið á eftir.*

„Aðgengi er mjög misjafnt og ég held að Ísland sé reyndar ekki í slæmum flokki almennt þótt margt gæti verið betra. Við erum á eftir ef við miðum við bandarískar stórborgir. Í Evrópu er aðgengi mjög misjafnt. Getur verið erfitt í Englandi og Danmörku þar sem ég þekki til. Yfirleitt er aðgengi samt gott utan dyra alveg eins og í Reykjavík. Í gömlum byggingum eru veitingahús oft í kjallara eða á annarri hæð og er mjög misgott aðgengi að þeim eins og í gömlum byggingum hér á landi. Svo eru það hótelin, ég er búinn að koma mér upp gagnasafni um hótel sem ég vil vera á og henta mér, en gallinn er sá að oft eru það dýrustu hótelin sem eru með besta aðgengið og sama gildir hér á landi. Mér finnst samt að aðgengismálin hafi batnað og sú mikla barátta fyrir aðgengi sem hefur verið í gangi sé nú að skila sér. Mikill munur er á aðgengi nú og fyrir fimmtán til tuttugu árum, en það þarf að halda baráttunni áfram. Ég vil taka fram að þó baráttan um aðgengi sé mikilvæg, þá er ýmislegt annað sem skipta ekki síður máli. Þar er helst að telja að geta verið virkur þátttakandi í samfélaginu, hvort sem það lítur að menntun, afþreying, atvinna eða öðru, og ég vona að yfirvöld, hvort heldur sem er sveitarfélög eða ríkisvaldið, geri sér grein fyrir því að sú leið að virkja fólk til starfa er ódýrust og leiðir til mestra lífsgæða.“

## Fjölskyldan og áhugamálin

*Þorkell er eins og komið hefur fram upptekinn maður vegna starfa sinna, en skyldi hann eiga sér áhugamál.*

„Ég er fjölskyldumaður og fjölskyldan er dýrmæt þótt ég hafi ekki sett hana í forgang eða sinnt henni nægilega vel. Eiginkona mín er Kristín H. Vignisdóttir og eigum við þrjú börn sem öll eru komin á fullorðinsár, Ester, 37 ára, Sæunn 30 ára og Sigurlaugur 23 ára. Rekstur heimilisins hefur mest lent á herðum eiginkonunnar og hefur hún verið mér ómetanlegur stuðningur. Kristín hefur lengst af unnið heima þar sem hún hefur aðstoðað mig hvort sem er heima eða á ferðalögum.

Áhugamálin hafa að mestu tengst fjölbreyttum störfum, annarsvegar mál sem snúa að Framtakssjóðnum og Sjálfsbjargarheimilinu og öðrum fjölbreyttum verkefnum sem eru á ýmsan hátt samfélagsverkefni og svo starfið innan HR þar sem ég ásamt hópi góðra samstarfsmanna höfum byggt upp háskóla í fremstu röð, sem er ótvírætt í forystu í atvinnulífstengdum greinum á sviði tækni, viðskipta og laga.

Ég les einnig talsvert mikið af bókum og skrifa greinar um bækur, og hef einnig skrifað nokkrar bækur um stjórnunarmál, síðast, árið 2009 skrifaði ég bók sem heitir *Ný framtíðarsýn* og fjallar hún um efnahagshrunið og hvernig við ættum að komast út úr því með nýrri framtíðarsýn.

Ég er ekki eins og margir í útisporti, vildi gjarnan geta gengið á fjöll með konunni minni eða hlaupið upp og niður fallegar veiðiár, en hún hefur farið margrar slíkar ferðir. Ég þurfti að ferðast talsvert þegar ég var hjá Eimskip og Burðarási og fyrstu árin þegar verið var að byggja háskólann þurfti ég að fara margar ferðir til útlanda til að kynna mér aðra háskóla og vinna með arkitektum háskólans sem voru Henning Larsen arkitekt sem var í samstarfi við Arkís á Íslandi.“

*Hvað viltu segja að lokum Þorkell, hver eru skilboðin til lesenda Klifurs.*

„Ég þekki vel af eigin raun mikilvægi þess að vera sem mest sjálfbjarga og geta átt tækifæri í lífinu þrátt fyrir hreyfihömlun og þeim erfiðleikum sem henni fylgja. Það hafa ekki allir haft sömu tækifæri og ég, því mín störf hafa alltaf verið metin að verðleikum. Erfiðleikarnir hafa þroskað mig og hert í gegnum lífið og gert mig umburðarlyndari og þolinmóðari þótt þolinmæði sé nú almennt ekki minn styrkleiki. Ég vil láta góða hluti gerast hratt. En að lokum við ég segja þetta: Sjálfsbjörg, Sjálfsbjargarheimilið og Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar eru að vinna frábært starf sem byggir auðvitað á starfi framkvæmdastjóra og góðra starfsmanna. Frábær liðsheild. Ég vona að ég geti áfram veitt Sjálfsbjörg lið í framtíðinni. Verkefnum Sjálfsbjargar er aldrei lokið.“


## Sjálfsbjörg þakkar stuðninginn

Akraneskaupstaður

Alcoa Fjarðaál
ALCOA

Íslandsbanki

KOLA PORTIÐ

NÓI SÍRÍUS

wise - snjallar lausnir

SECURITAS

ISNIC

HB GRANDI

SORPA ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM



Frá vinstri ; Grétar Pétur Geirsson, Rannveig Bjarnadóttir og Bergur Þorri Benjamínsson í upphafi fundarherferða

**Heimsókn Grétars Péturs Geirssonar formanns Sjálfsbjargar, Bergs Þorra Benjamínssonar málefnafulltrúa Sjálfsbjargar og Rannveigar Bjarnadóttur forstöðumanns Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar til Vestfjarða og á Norðurland.**

*Á ferð og flugi*

# Fundarherferð Sjálfsbjargar

Í framhaldi af sambandstjórnarfundi sl. vor (2013) var ákveðið að tillögu formanns Sjálfsbjargar að heimsækja aðildarfélög Sjálfsbjargar. Forstöðumanni Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar var boðið að kynna starf miðstöðvarinnar í þessum ferðum.

Boðað var til funda með sveitarstjórnum á hverjum stað fyrir sig til að fá upplýsingar um hvernig yfirfærsla á málefnum fatlaðra hefði tekist til, kynna sjónarmið Sjálfsbjargar hvað varðar algilda hönnun og jafnframt að koma réttum staðreyndum á framfæri um kostnað og fleira. Einnig var leitað eftir upplýsingum um hvernig og aðgengismálum væri háttað í viðkomandi sveitarfélagi. Fóru Grétar Pétur og Bergur yfir þessi mál á fundunum.

Á öllum framangreindum fundum kynnti forstöðumaður Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar starfsemi miðstöðvarinnar. Var gerður góður rómur að kynningu hennar. Kom fram á fundum með sveitarfélögunum að þau meta starfsemi miðstöðvarinnar mikilvæga og telja starfsmenn sveitarfélaganna sig geta nýtt sér þjónustu hennar og þá sérstaklega heimasíðu miðstöðvarinnar.

Fyrsta heimsóknin var til Ísafjarðar og Bolungarvíkur dagana 23.-24. september. Haldnir voru fundir með sveitarstjórnarmönnum á báðum stöðum og sátu formenn og eftir atvikum stjórnarmenn einnig þá fundi. Eftir fund með sveitarstjórn Bolungarvíkur fengum við að skoða félagsheimilið í Bolungarvík sem er nýuppgert og mjög aðgengilegt.

Um kvöldið var boðað til sameiginlegs fundar aðildarfélaganna á Ísafirði og Bolungarvík þar sem Grétar fór yfir lagabreytingar Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra og í framhaldinu hélt Rannveig kynningu á starfsemi Þekkingarmiðstöðvarinnar. Bergur sló svo botninn í fundin með léttri kynningu á þeim málum sem helst er verið að reyna ná í gegn hjá stjórnvöldum. Fundurinn í Bolungarvík var vel sóttur og öll umgjörð hans til fyrirmyndar. Eftir fund gafst okkur tækifæri til að skoða glæsilega aðstöðu sjúkraþjálfara í hinu svokallaða „Hvíta húsi" Bróðurpartur tækja í stöðinni er gefinn af Sjálfsbjörg í Bolungarvík.

Næsta heimsókn okkar var til Norðurlands dagana 15.-17. október. Sama fyrirkomulag var á heimsókn okkar þar þ.e. haldnir fundir með sveitarstjórnarmönnum á öllum stöðum og sátu formenn og eftir atvikum stjórnarmenn einnig þá fundi.

Eftir fund með sveitarstjórn á Siglufirði var Rannveig með kynningu á starfi Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar þar sem gestir á kaffihúsinu Kaffi Rauðka gátu séð heimasíðu miðstöðvarinnar og það mikla magn upplýsinga sem hún hefur að geyma, þar gátum við einnig sent fyrirspurn í gegnum netspjallið. Þetta var góð og gagnleg kynning og bárust fróðlegar ábendingar og fyrirspurnir úr sal. Grétar og Bergur voru svo með svipaða kynningu og áður.

Á Siglufirði var okkur boðið að skoða hús Sjálfsbjargar, þar er opin vinnustofa alla virka daga frá kl. 13-16 þar sem gestir og gangandi geta komið til að hitta mann og annan eða unnið að gler- og leirmunagerð og getur Sjálfsbjörg verið stolt af því starfi sem þarna er unnið. Sjálfsbjörg á Siglufirði er fyrsta Sjálfsbjargarfélag landsins en það var stofnað 9. júní 1958.

Því næst var haldið til Sauðárkróks þar sem við fórum á aðalfund Sjálfsbjargar á Skagafirði. Eftir hefðbundin aðalfundarstörf var fundurinn opnaður öllum þeim sem vildu hlýða á kynningu á Þekkingarmiðstöðinni. Einnig var farið



Frá fundinum á Sauðárkróki, Rannveig kynnir Þekkingarmiðstöðina

yfir lagabreytingar og sýnt myndband sem ungliðahreyfing Sjálfsbjargar gerði, sem sýndi NPA í nýju og skemmtilegu ljósi. Ýmsar góðar ábendingar og gagnlegar upplýsingar komu fram sem verða settar á heimasíðu miðstöðvarinnar.

Skagfirðingar báru sig vel og var gott andrúmsloft á aðalfundi Sjálfsbjargar í Skagafirði. Félagið stendur vel fjárhagslega og einnig verkefnalega, en félagið hefur verið virkt í að beita sér fyrir betra aðgengi í sveitarfélaginu.

Eftir góðan nætursvefn í Skagafirði var haldið yfir Öxnadalsheiðina til Akureyrar. Eftir fund með bæjarstjóra og starfsfólki Akureyrarkaupstaðar var haldinn fundur með stjórn Sjálfsbjargar á Akureyri, en ekki var haldinn félagsfundur þar.

Fundurinn var haldinn á Bjargi, Bugðusíðu 1 en félagið rekur sjúkra- og iðjuþjálfun í húsinu.

Rannveig kynnti starfsemi Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar fyrir stjórninni og Grétar og Bergur fóru yfir þau mál sem efst eru á baugi. Á fundinum kom fram hugmynd frá stjórn um að halda málþing á Akureyri með kynningu á Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar auk 3-4 annarra framsögumanna.

Síðasti viðkomustaður í ferðinni var Húsavík, eftir góðan fund með bæjarstóra Norðurþings og félagsmálastjóra var haldið í Setrið, en það hús er í eigu Sjálfsbjargar á Húsavík. Þar hélt Rannveig kynningu á Þekkingarmiðstöðinni og var gerður góður rómur að heimasíðu og facebooksíðu miðstöðvarinnar.



Grétar Pétur form. landssambandsins í góðum félagsskap Kolbrúnar Símonardóttur formanns Sjálfsbjargar á Siglufirði og fríðs föruneytis hennar

Samandregið má segja að ferðin hafi verið gagnleg og ánægjuleg í alla staði, og ljóst er að fara þarf slíkar ferðir með reglubundum hætti. Á hverjum stað fyrir sig var hreyft við ýmsum málum sem snerta t.d aðgengi bæði að upplýsingum og húsnæði. Yfirfærslu á málefnum fatlaðra, ferðaþjónustu fatlaðra og bifreiðamálum í víðum skilningi. Þetta eru mál sem er nauðsynlegt að fara yfir, til að halda fólki upplýstu. Starfsemi Þekkingarmiðstöðvar er ung að árum. Því er afar dýrmætt að fá tækifæri sem þetta til að kynna það sem hún hefur upp á að bjóða, svo hún megi vaxa og dafna.





María Óskarsdóttir. „Mér finnst landsambandið vera á réttri leið í starfsemi sinni, en stjórnvöld hafa ekki verið okkur hliðholl.“

*María Óskarsdóttir,*
*formaður Sjálfsbjargar á Húsavík*

# Vil sjá félagið virkara og að unga fólkið skili sér betur til okkar

**Sjálfsbjargarfélag á Húsavík var stofnað 21. júni 1960. Fyrsti formaður félagsins var Jón Þór Buch. Ein fyrsta fjáröflunarleið félagsins var að að halda bingó og var keypt tæki til þess árið 1961, en bingó var mjög vinsæl fjáröflunarleið hjá flestum félögum á þessum árum. Stærsta fjárfestingarverkefni félagsins kom síðan árið 1968 þegar félagið keypti húsið Snæland að Árgötu 12, en húsnæðisskortur hafði fram til þess tíma háð starfseminni.**



„Starf félagsins var öflugt þar til um 1990 en þá fer starfsemin að dala þegar dvalarheimilið opnar fjölbreytta starfsemi sem fatlaðir gátu sótt, að sumu leyti sömu starfsemi og við vorum að sinna í húsnæði okkar. Við reyndum að leigja húsið í kjölfarið sem sumarbústað fyrir fatlaða enda kjörið húsnæði fyrir slíka starfsemi með góðu aðgengi fyrir alla, en dæmið gekk ekki upp. Í dag er húsið leigt fyrir geðfatlaða og kallað Setrið, öðruvísi getum við ekki haldið félaginu gangandi þar sem svo mikill kostnaður fer í að reka húsið og halda því við. Við höfum eytt síðustu árum í viðhald á húsinu og er það í ágætu ásigkomulagi. Sjálf höfum við ekki lengur aðstöðu í húsinu en fáum að halda fundi og ýmsa aðra starfsemi hjá verkalýðsfélaginu og hefur félagið reynst okkur vel.“

María segir því miður starfsemi Sjálfsbjargar á Húsavík ekki vera mikið til að státa sig af. „Starfið er lítið og til marks um það þá mættu aðeins fimm á aðalfund okkar í vor en við teljum 94 félaga. Mest höfum við komist upp í 116 félaga en eldri félagar hafa fallið frá og unga fólkið hefur ekki skilað sér sem skyldi. Við þurfum því með einhverju móti að efla áhuga félaga á starfseminni en það er hægara sagt en gert í þjóðfélagi þar sem svo margt er í boði miðað við hvernig var áður fyrr. Við erum með aðalfund yfirleitt á laugardögum eða sunnudögum en á þeim árstíma þegar þorrablótin eru í gangi og ýmsar aðrar vetrarskemmtanir sem fólk sækir. Það ætti nú ekki að hafa áhrif en gerir samt að einhverju leyti. Svo spilar veður alltaf inn í, á þessum árstíma er allra veðra von. Og í stað þess að halda félagsfundi sem fyrirfram er búist við lélegri þátttöku þá erum við yfirleitt í símasambandi við félagsmenn komi eitthvað upp á sem þarf að afgreiða.“

Sjálfsbjörg á Húsavík er víðfemt félag sem skýrir að hluta til hversu erfitt er að halda félagsstarfi úti, en Þingeyjarsýslur tilheyra félaginu og það nær alveg frá Mývatni austur að Þórshöfn. „Við þurfum samt að reyna að gera eitthvað til að efla starfið og vera með átak af og til. Má nefna að við vorum með afmælisátak þegar við vorum fimmtíu ára. Auglýstum opið hús og fólk mætti, en ekki samt nógu margir að okkar mati en afmælishátíðin tókst vel. Það hefur sjálfsagt haft eitthvað að segja að afmælishátíðin var haldin í júlí, komið mitt sumar og fólk komið í sumarfrí og farið að njóta útivistar.“

María er fædd og uppaldin á Húsavík og alltaf búið þar fyrir utan stuttan tíma í Noregi. „Ég fer fyrst inn í stjórn Sjálfsbjargar á Húsavík sem varamaður árið 1997. Varaformaður verð ég 2003 og ári síðar er ég kosinn formaður og hef gegnt því embætti síðan og hef einnig verið í ýmsum nefndum á vegum landssambandsins og Öryrkjabandalagsins.

Það er ekkert launungarmál að ég vil sjá félagið okkar á Húsavík virkara og meira af ungu fötluðu fólki taka þátt í starfseminni, en erfitt hefur verið að nálgast unga fólkið. Í dag er gert svo margt fyrir fatlaða og við höfum því farið þá leið að styrkja aðra starfsemi sem kemur félagsmönnum okkar til góða. Ein starfsemin er Miðjan sem er hæfingarmiðstöð fyrir fatlað fólk sem hefur það að markmiði að efla alhliða þroska og sjálfstæði einstaklings og viðhalda og auka þá færni sem einstaklingurinn hefur náð. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða nálgun ásamt því að að starfa eftir áhugasviði og færni hvers og eins. Helstu verkefni eru skapandi starf, afþreying, matseld og ýmis önnur heimilisstörf ásamt hæfingu, þá höfum við gefið bekki til sundlaugarinnar og gert ýmislegt annað til að létta fólki. Og vert er að minnast á Garðshorn á Húsavík sem er endurhæfingar- og útivistarsvæði bak við sjúkrahús og dvalarheimili aldraðra á Húsavík. Sjálfsbjörg var meðal þeirra sem stóðu að gerð svæðisins. Þarna hefur verið unnið gott verk og að mörgu leyti óvenjulegt.“

María hefur sína skoðun á helstu málefnum Sjálfsbjargar landssambands. „Mér finnst landsambandið vera á réttri leið í starfsemi sinni, en stjórnvöld hafa ekki verið okkur hliðholl. Þau hafa svo sem ekki verið það í mörg ár. Stjórnvöld þurfa að vinna með okkur bæði í launamálum og húsnæðismálum þar sem húsnæði sem hentar fötluðum er ekki til í miklu mæli í landinu og fyrir þá sem eru á leigumarkaðinum þá er allt of dýrt að leigja. Mér er minnisstætt þegar verkamannabústaðir voru reistir út um allt land í kringum 1978 þá lentu mörg sveitarfélög í erfiðleikum með að reka þessar blokkir og fá fólk til að búa í þeim. Þessar byggingar reyndust fötluðum yfirleitt ekki góður kostur þar sem aðgengi fyrir fatlaða var nánast ekkert. Þetta lýsir dálítið hvernig hugsunargangurinn hjá stjórnvöldum var og er og þó vissulega hafi orðið breytingar til batnaðar síðan þá er alls ekki nóg gert til að bæta aðgengi. Ég vil svo bara segja að lokum að ég vona að við stöndum öll saman í baráttunni fyrir bættum kjörum öryrkja.“


## Takk fyrir stuðninginn

### REYKJAVÍK

Fuglar ehf, Borgartúni 25
Garðs Apótek ehf, Sogavegi 108
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Geiri ehf, umboðs- og heildverslun, Bíldshöfða 16
Gjögur hf, Kringlunni 7
Gjörvi ehf, Grandagarði 18
GLÁMA-KÍM arkitektar, Laugavegi 164
Glerpró ehf, www.glerpro.is, Funahöfða 13
Grandavör ehf, Baldursgötu 18
Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hringbraut 50
Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
Gullsmiður Eyjólfur Kúld, Hjallavegi 25
Gummi Valgeirs ehf, Dalhúsum 61
Gæðabakstur, Lynghálsi 7
Hagkaup, Holtagörðum
Hamborgarabúlla Tómasar, Geirsgötu 1
Hamborgarabúllan Bíldshöfða 18
Happdrætti DAS, Tjarnargötu 10
Hárgreiðslustofa Hrafnhildar, Hraunbæ 119
Hársnyrtistofa Dóra, Langholtsvegi 128
Heilsusetur, www.dao.is, Laugavegi 59 Kjörgarði
Heimsbílar ehf, Kletthálsi 2
Herrafataverslun Birgis ehf, Fákafeni 11
Heyrnarstöðin ehf, Kringlunni 4-12
Hitastýring hf, raftækjavinnustofa, Ármúla 16
Hjá Dúdda ehf, Engjateigi 17
Hlusta ehf, Laugavegi 163
Hnit, verkfræðistofa hf, Háaleitisbraut 58-60
Hótel Cabin ehf, Borgartúni 32
Hótel Holt, Bergstaðastræti 37
Hótel Leifur Eiríksson ehf, Skólavörðustíg 45
Hótel Óðinsvé, Þórsgötu 1
Hótel Viðey ehf - 4th Floor Hotel, Snorrabraut 29
Hótel Örkin, sjómannaheimili, Brautarholti 29
Hreysti ehf, Skeifunni 19
HS smíðar ehf, Vættaborgum 120
Hús verslunarinnar sf, Kringlunni 7
Hús-inn ehf, Bíldshöfða 14
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
Ice Consult ehf, Bæjarhálsi 1
Innnes ehf, Fossaleyni 21
InnX innréttingar ehf, Fosshálsi 1
Íbúðagisting.is, Síðumúla 14
Ísfrost ehf, Funahöfða 7
Ísleifur Jónsson ehf, Draghálsi 14-16
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf, Bíldshöfða 12
Ísold ehf, Nethyl 3-3a
Ís-spor ehf, Síðumúla 17
Íþrótta-og tómstundasvið Reykjavíkur
, Borgartúni 12-14
Janusbúðin - Ullarkistan ehf, Laugavegi 25
Kaffi Roma, Laugavegi 118
Kjöthöllin ehf, Skipholti 70 og Háaleitisbraut
Klipphúsið ehf, Bíldshöfða 18
Knattspyrnusamband Íslands, Laugardal
KOM almannatengsl, Katrínartúni 2
Kone ehf, Síðumúla 17
Kólus ehf, Tunguhálsi 5
Kórall sf, Vesturgötu 55

*Unnur Jónsdóttir,*
*formaður Sjálfsbjargar í Fjarðarbyggð*

# Vinnum vel saman en fleiri mættu koma að starfinu


Unnur Jónsdóttir. „Ég bind miklar vonir við Þekkingarmiðstöðina og hef kynnt mér starfsemina og sett upplýsingamiða um hana á helstu staði á svæðinu og vonast til að fólk notfæri sér þá þjónustu sem þar er boðið uppá.“

**Árið 1974 var Sjálfsbjargarfélag stofnað í Neskaupstað. Félagið sem síðar hlaut nafnið Sjálfsbjörg í Fjarðarbyggð hefur sinnt ýmsum verkefnum og haldið úti félagsstarfi, ýmsum námskeiðum og styrkt ýmsa starfsemi meðal annars gefið góðar gjafir til endurhæfingarstöðvarinnar í Neskaupsstað. Formaður Sjálfsbjargar í Fjarðarbyggð er Unnur Jónsdóttir.**

**„Svæði Sjálfsbjargar í Fjarðarbyggð er Norðfjörður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður, Mjóifjörður og Stöðvarfjörður. Upphaflega var félagið stofnað í Neskaupstað árið 1974 og var starfið mjög öflugt til að byrja með. Meðal annars vorum við með handavinnuverslun og keyptum húsnæði sem við eigum ennþá, en versluninni var hætt um sama leyti og byrjaði að fækka í félaginu.**

Ég byrja að starfa fyrir Sjálfsbjörg 1988 og var þá búinn að vera félagi um langt skeið. Eftir 1990 fer ég í stjórn, var fyrst gjaldkeri og má segja að það sé um það leyti sem fer að færast ró yfir félagið en við vorum alltaf með eitthvað í gangi eins og kökusölu og ýmsa aðra fjáröflunarstarfsemi. En þrátt fyrir vilja og samstöðu mætti starfsemin vera mun líflegri og því miður hefur lítið verið í gangi hjá okkur á síðustu árum.“

Unnur er fædd og uppalin í Norðfirði en hvarf á braut um tíma en flutti aftur 1973 einmitt á þeim tíma þegar félagið var stofnað. „Ég var með verslun í Neskaupstað en hætti rekstri hennar fyrir tveimur árum, nú er ég bara amma og langamma og hef nóg að gera þótt ég sé komin af vinnumarkaðinum. Hvað varðar starfið í félaginu í dag þá eru reglulegir stjórnarfundir og við merjum að ná í nokkrar hræður á aðalfund og reynum okkar besta til að halda starfseminni gangandi. Félagar eru eitthvað á milli 30 og 40 sem er nú ekki margt miðað við hversu svæðið er stórt og engin fjölgun hefur verið í mörg ár. Erfitt er að ná til ungs fólks, svo mikið annað er í boði, auk þess sem kannski er verið að ala upp börn. Við erum ekki eina félagið sem hefur farið varhluta af breytingum hér á svæðinu. Slysavarnafélagið sem var mjög öflugt er í mikilli lægð, en við höldum félaginu úti og gerum ýmislegt, þó það sé nú ekki stórt í sniðum, en ég bind miklar vonir við Þekkingarmiðstöðina og að með tilkomu hennar styrkist samhugur fatlaðra í mörgum málum.

Húseignin sem við eigum er í gömlu húsi í miðbæ Neskaupsstaðar og reyndist vel í upphafi en er orðin mikill baggi á okkur og þrátt fyrir að íbúðin hafi verið um tíma í sölu þá hefur hún ekki selst. Íbúðin þarfnast heilmikils viðhalds og við fengum styrk úr framkvæmdasjóði fatlaðra á sínum tíma og þá var skipt út gluggum og gólfin löguð. Um skeið var ríkið með húsið á leigu fyrir dagvistun fyrir fatlaða, en svo kom sparnaður hjá ríkinu og starfseminni var hætt fyrir um það bil sjö árum. Þá þurftum við að fara að breyta aftur til að geta leigt húsnæðið út sem íbúð, breyta baði og eldhúsi og ýmislegt annað sem þurfti svo húsið væri boðlegt á leigumarkaðinum. Í dag leigir félagsmanneskja okkar íbúðina, en eins og áður segir þá er það markmiðið að selja, alltof mikið af starfi og peningum hefur farið í íbúðina. Og þar sem við leigjum húsnæði okkar út þá höfum við ekkert getað notað aðstöðuna, getum ekki fundað þar eða staðið og smurt brauð og búið til smurbrauðstertur til sölu til styrktar starfseminni eins og við gerðum. Undanfarin ár höfum við því fundað í heimahúsi. Starf okkar snýst svo að hluta til að styrkja eftir því sem við megnum, höfum meðal annars styrkt sjúkrahúsin, en mest af okkar peningum hefur farið í breytingar á íbúðinni sem er nú í góðu standi svo við sjáum fram á betri tíð.“

Þegar kemur að baráttumálum fatlaðra þá er aðgengi ofarlega í huga Unnar. „Það þarf svo sannarlega að taka í gegn aðgengi á mörgum stöðum auk þess sem ósamræmi er sums staðar og má nefna að eina sjoppan í bænum er með snyrtiaðstöðu fyrir fatlaða en þeir sem eru á hjólastólum geta ekki komist inn í sjoppuna. Og svo er um fleiri hús sem eru barn síns tíma og alls ekki byggð með aðgengi fyrir alla í huga. Þetta þarf að laga. Sumt hefur verið lagað, verslanir komnar með sjálfsvirkar opnanlegar hurðir og

opinberar byggingar hafa einnig tekið sig á. En með smáverslanir og lítil fyrirtæki á svæðinu þá má margt laga og þetta er ekkert öðruvísi í Reykjavík, Laugavegurinn er til dæmis ekki vinveittur fötluðu fólki.“

Unnur vonast að sjálfsögðu eftir því að starfsemi félagsins eflist. „Ég bind miklar vonir við Þekkingarmiðstöðina og hef kynnt mér starfsemina og sett upplýsingamiða um hana á helstu staði á svæðinu og vonast til að fólk notfæri sér þá þjónustu sem þar er boðið uppá. Þá líst mér mjög vel á fundaferðir landsambandsins út á land að undanförnu og vonandi verður framhald á því starfi. Á þeim fundum er farið yfir málin og ekki aðeins fundað með okkur í félaginu heldur einnig sveitarstjórnarmönnum, en þegar upp er staðið þá stendur hjá okkur að erfitt er að reka félagið í dag en stjórnin stendur vel saman og við ætlum okkur ekkert að gefast upp.“

## VISSIR ÞÚ AÐ...

- öryrkjar fá afslátt af vegabréfi
- á Akureyri er frítt í strætó
- Þekkingarmiðstöðin miðlar þinni reynslu af aðgengilegum ferðamannstöðum
- Þjónustu í þínu sveitarfélagi má finna á vef Þekkingarmiðstöðvar
- stæðiskort er hægt að nota víða erlendis
- Þekkingarmiðstöðin býður upp á margskonar fræðslu
- öryrkjar fá afslátt af skráningargjaldi í HÍ og HA
- heimasíða Þekkingarmiðstöðvarinnar er opin allan sólarhringinn

VILBERG
S: 84 80 800
S: 898 6434
VILBERG
KRANALEIGA
SÍMI 848 0800

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

# Takk fyrir stuðninginn

## REYKJAVÍK

Kraftur hf, Vagnhöfða 1
Kraum-íslensk hönnunarverslun, Aðalstræti 10
Kringlan, Kringlunni 4-12
Kristján G. Gíslason ehf, Hverfisgötu 6a
Kvikk Þjónustan ehf, Vagnhöfða 5
Kæliver ehf, Vagnhöfða 9
Lagnalagerinn ehf, Fosshálsi 27
Landfestar ehf, fasteignafélag, Álfheimum 74
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Landssamband lögreglumanna, Grettisgötu 89
Láshúsið ehf, Bíldshöfða 16
Leðurverkstæðið sf, Víðimel 35
Leiguval ehf, Kleppsmýrarvegi 8
Ljósblik rafverktakar ehf, Fossaleyni 16
Loftstokkahreinsun.is, s: 567 0882 & 893 3397, Garðhúsum 6
Lyfjaver ehf, Suðurlandsbraut 22
Lýsing hf, Ármúla 3
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf, Borgartúni 25
Lögmenn Laugavegi 3 ehf, Laugavegi 3
Lögsátt ehf, Maríubaugi 31
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
MaintSoft ehf, Ármúla 36
Mata hf, Sundagörðum 10
Matthías ehf, Vesturfold 40
Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Sölvhólsgötu 4
Merkismenn ehf, Ármúla 36
Merlo Seafood, Krókhálsi 4
Mirage slf, Lyngrima 3
Multivac, Krókhálsi 5e
Noon ehf, Hólmaseli 2
Nostra Ræstingar ehf, Sundaborg 7-9
Næsti bar, Ingólfsstræti 1a
Oddgeir Gylfason, tannlæknir og læknir, Vínlandsleið 16
Orkuvirki ehf, Tunguhálsi 3
Ormsson, Lágmúla 8
Ó. Johnson & Kaaber ehf, Tunguhálsi 1
Ólafur Þorsteinsson ehf, Vatnagörðum 4
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
PG Þjónustan ehf, Viðarhöfða 1
Pixel ehf, Brautarholti 10-14
Plastpípur ehf, Hólmgarði 20
Pottþétt ehf, Bárugötu 2
Poulsen ehf, Skeifunni 2
Pökkun og flutningar ehf, Smiðshöfða 1
Rafás, rafverktaki, Súðarvogi 54
Rafey ehf, Hamrahlíð 33a
Rafha ehf, Suðurlandsbraut 16
Rafsól ehf, Síðumúla 34
Rafsvið sf, Þorláksgeisla 100
Raftíðni ehf, Grandagarði 16
Raftækjaþjónustan sf, Lágmúla 8
Rafver hf, Skeifunni 3e
Rannsóknarþjónustan Sýni ehf, Lynghálsi 3
Reki ehf, Fiskislóð 57-59
Reykjavíkur Apótek, Seljavegi 2
Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, Þangbakka 5
Réttingaverkstæði Bjarna og Gunnars ehf, Bíldshöfða 14
Réttur lögmannsstofa, Klapparstíg 25-27
Samiðn, samband iðnfélaga, Borgartúni 30
SB Pípulagnir ehf, Ósabakka 13
Segull ehf, Hólmaslóð 6
Silfurberg ehf, Suðurgötu 22
Silfurmúr ehf, Laugarnesvegi 79
Sjúkraþjálfun Héðins ehf, Álfabakka 14
Skilvís ehf, Stórhöfða 25
Skólavefurinn.is, Laugavegi 163
Skóverslunin Bossanova, Kringlunni 8-12
Smith og Norland hf, Nóatúni 4
Snóker- og Poolstofan, Lágmúla 5
Sóló-húsgögn ehf, Gylfaflöt 16-18
Sportís ehf, Mörkinni 6
Sprettur-þróun og stjórnun ehf, Laugavegi 26
Sprinkler pípulagnir ehf, Bíldshöfða 18
Spöng ehf, Bæjarflöt 15
Stilling ehf, Kletthálsi 5
Stólpi-gámar ehf, Klettagörðum 5
Stúdíó Stafn ehf, Ingólfsstræti 6
SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu, Borgartúni 35
Talnakönnun hf, Borgartúni 23
Tannálfur, tannlæknastofa, Þingholtsstræti 11
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar, Þangbakka 8
Tannlæknastofan Mörkin 6 sf, Mörkinni 6
Tannlæknastofan Vegmúla 2 ehf, Vegmúla 2
Tannþing ehf, Þingholtsstræti 11
Teiknistofan Arkitektar, Brautarholti 6
Teiknistofan Óðinstorgi, Óðinsgötu 7
Teinar slf, Laugavegi 163
Timberland Kringlunni og Laugavegi
Total Capital Partners ehf, Laugavegi 182
TREX-Hópferðamiðstöðin, Hesthálsi 10
Trésmiðja Magnúsar F Jónssonar, Súðarvogi 54
Tæknimiðlun ehf, Höfðatúni 12
Undirföt.is, Ármúla 36
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf, Vesturhlíð 2
Veiðikortið ehf, Kleifarseli 5
Verðlistinn Laugalæk, Laugarnesvegi 74a
Verkfræðistofan VIK ehf, Laugavegi 164
Verslunartækni ehf, Draghálsi 4
Verslunin Kiss, Kringlunni 4-12
Vélsmiðjan Harka hf, Hamarshöfða 7
Vélvík ehf, Höfðabakka 1
Við og Við sf, Gylfaflöt 3
Vörubílastöðin Þróttur hf, Sævarhöfða 12
www.photos.is, Karfavogi 22
Ölstofa Kormáks og Skjaldar ehf, Vegamótastíg 4

## SELTJARNARNES

Aðalbjörg RE-5 ehf, Fornuströnd 13
Lög og réttur ehf, Austurströnd 3
Prentsmiðjan Nes ehf, Hrólfsskálavör 14
Seltjarnarneskirkja, Kirkjubraut 2

## KÓPAVOGUR

Allianz á Íslandi hf, Digranesvegi 1
AP varahlutir ehf, Smiðjuvegi 4
Axis-húsgögn ehf, Smiðjuvegi 9
Borgargarðar ehf - skrúðgarðaþjónusta, Vesturvör 24
Brunabótafélag Íslands, Hlíðasmára 8
dk hugbúnaður ehf., dk.is, Hlíðasmára 17
Ernir ehf, Birkigrund 4
Farice ehf, Smáratorgi 3
Harðbakur ehf, Ísalind 2
Hákon Bjarnason ehf, Hófgerði 10

Sjálfsbjörg þakkar stuðninginn

BÓNUS

Fjallabyggð

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

SPORTER

ÖSSUR
Life Without Limitations

HS ORKA HF

*Rannveig Bjarnadóttir, forstöðumaður Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar*

# Hjálpartækjasýning er liður í þeirri upplýsingagjöf og fræðslu sem Þekkingarmiðstöðin kappkostar að veita

**Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar er samstarfsverkefni Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra og Sjálfsbjargarheimilisins. Á annað ár er síðan Þekkingarmiðstöðin tók til starfa en hún veitir fólki með hreyfihömlun og aðstandendum þess upplýsingar um rétt þess samkvæmt íslenskum lögum og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Hjá Þekkingarmiðstöðinni er einnig yfirsýn yfir þjónustu og aðstoð sem auðveldar hreyfihömluðu fólki að lifa sjálfstæðu lífi og taka sjálfstæðar ákvarðanir. Fræðsla fyrir fólk með hreyfihömlun, aðstandendur, almenning, fyrirtæki og stofnanir er einnig mjög mikilvægur hluti af starfi Þekkingarmiðstöðvarinnar. Rannveig Bjarnadóttir er forstöðumaður Þekkingarmiðstöðvarinnar og sá hún ásamt samstarfsmönnum sínum um undirbúning Hjálpartækjasýningarinnar sem haldin var í júní sl.**

„Hjálpartækjasýningin tókst í alla staði mjög vel að mati okkar starfsmanna Þekkingarmiðstöðvarinnar og er það ekki síst að þakka að góður undirbúningur hófst sex mánuðum áður. Sýningin var sett formlega með ávarpi nýs heilbrigðisráðherra og var þetta fyrsta opinbera ávarp Kristjáns Þórs Júlíussonar í embætti sínu. Hátt á annað þúsund manns sóttu sýninguna þá tvo daga sem hún stóð yfir.



Rannveig Bjarnadóttir, forstöðumaður Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar er fullviss um að Þekkingarmiðstöðin muni vaxa og dafna vel og horfir bjartsýn fram á veginn.

Sýnendur voru ánægðir með að ná til svo margra notenda og að sama skapi voru notendur hjálpartækja ánægðir með að geta séð á sama stað mikið af þeim tæknilegu hjálpar-tækjum sem eru í boði. Þarna var hægt að fá upplýsingar um helstu nýjungar í hjálpartækjum, prófa hjálpartækin, hitta aðra notendur sem miðluðu reynslu sinni, fá upplýsingar um rafræna þjónustu SÍ og svo mætti lengi telja."

## Stefnum að öflugri sýningu

Rannveig segir að í undirbúningi að opnun Þekkingarmiðstöðvarinnar hafi verið rætt um sýningarhald. „Fljótlega var ákveðið að miðstöðin myndi standa fyrir einhverjum viðburði í lok fyrsta starfsárs og halda þannig upp á árs starfsafmælið. Ekki hafði verið haldin hjálpartækjasýning á Íslandi í mörg ár og í raun aldrei með þessu formi. Við

erum mjög þakklát öllum sem tóku þátt í sýningunni með okkur. Við stefnum svo á að geta haft sýninguna öflugri og boðið fleirum að taka þátt næst þegar hún verður haldin.

Eitt af aðalhlutverkum Þekkingarmiðstöðvarinnar er að standa að námskeiðahaldi og fræðslu og er miðstöðin sá aðili sem getur skapað aðstæður fyrir fólk að hittast og miðla upplýsingum og reynslu. Að fá saman fagfólk, notendur, aðstandendur, innflutningsaðila og úthlutunaraðila hjálpartækja eins og var gert með hjálpartækjasýninguna, er liður í þeirri upplýsingagjöf og fræðslu sem miðstöðin kappkostar að veita. Þjónusta miðstöðvarinnar er gjaldfrjáls og er hægt að hafa samband við okkur á opnunartíma hennar frá 10-16 með því að hringja, nota rafrænar leiðir eða kíkja til okkar í Hátúnið, við erum alltaf með heitt á könnunni og eru allir hjartanlega velkomnir."

## Sá draumastarfið auglýst

*Rannveig útskrifaðist sem sjúkraþjálfari frá Háskóla Íslands árið 1998. Hún vann fyrst sem sjúkraþjálfari á Landakoti í þrjú ár, því næst á Lækjarási í sex ár og starfaði svo hjá hjálpartækjamiðstöð SÍ í rúm fjögur ár áður en hún hóf störf hjá Þekkingarmiðstöðinni.*

„Eftir að hafa lesið atvinnuauglýsingu á heimasíðu Sjálfsbjargar þar sem auglýst var eftir ráðgjafa á Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar þá varð ég hreinlega að sækja um, ég sá þarna draumastarfið auglýst. Ég hafði í störfum mínum sem sjúkraþjálfari fundið hvað það gat verið erfitt fyrir fatlað fólk að fá upplýsingar um réttindi sín en fatlaðir þurfa að þekkja rétt sinn til að geta leitað hans. Jafnframt naut afi minn góðrar þjónustu dagvistar Sjálfsbjargar, sem í dag er Þjónustumiðstöð Sjálfsbjargar og hef ég hugsað hlýtt til Sjálfsbjargar síðan. Ég sótti því um og var svo lánsöm að fá starfið. Nú ári síðar get ég fullyrt að Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar hefur stórbætt aðgengi að upplýsingum sem tengjast hreyfihömluðu fólki á einn eða annan hátt. Það eru forréttindi að hlakka til að fara í vinnuna hvern dag og taka þátt í þessari uppbyggingu á starfi miðstöðvarinnar. Mig langar líka að benda fólki á að senda okkur upplýsingar til dæmis um námskeið sem það hefur áhuga á að miðstöðin bjóði upp á. Einnig er gott að fá upplýsingar um aðgengilegar sundlaugar, gistingu eða annað sem fólk hefur persónulega reynslu af. Það er svo dýrmætt að geta miðlað af reynslu sinni og þannig nýtast þær upplýsingar fjöldanum. Við á Þekkingarmiðstöðinni erum þakklát fyrir allar ábendingar."

## Góðar viðtökur

*Rannveig er beðin að segja nánar frá Þekkingarmiðstöðinni og daglegum störfum starfsmanna.*

„Í stuttu máli þá er hlutverk miðstöðvarinnar að safna og miðla hagnýtum upplýsingum fyrir fatlað fólk um land allt. Þekkingarmiðstöðin er með öfluga heimasíðu þar sem finna má upplýsingar um réttindi, fræðslu, aðgengi, tómstundir, atvinnu og menntun. Einnig erum við á facebook og setjum daglega inn upplýsingar þar. Við bjóðum upp á fræðslu í formi námskeiða og fyrirlestra og er stefna sett á jafningjafræðslu á næsta ári. Dagleg verkefni starfsmanna eru margvísleg. Við vinnum að uppbyggingu á okkar innra starfi sem er nauðsynlegt til framtíðar litið. Við sinnum heimasíðu og facebook síðu okkar daglega og gefum út rafrænt fréttabréf á um sex vikna fresti. Fræðsluhlutverk miðstöðvar-innar er mikilvægt og er hluti af okkar daglega starfi að undirbúa þau námskeið og fyrirlestra sem miðstöðin býður upp á, einnig erum við að undirbúa kynningar á miðstöðinni og er ég t.d. búin að fá tækifæri til að kynna starfsemi okkar á norðanverðum Vestfjörðum og Norðurlandi. Einnig er haft samband við okkur og við beðin um að vera með kynningu á starfi okkar. Stór hluti af daglegu starfi okkar er líka að svara þeim fyrirspurnum sem til okkar berast, við svörum öllum þeim erindum samdægurs innan opnunartíma og ef við höfum ekki þær upplýsingar sem fólk leitar eftir þá öflum við þeirra. Það er því í nógu að snúast hjá okkur og kunnum við vel að meta það. Vel hefur gengið hjá okkur fyrsta árið og þakka ég kærlega góðar viðtökur. Ég er þess fullviss að Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar mun vaxa og dafna vel og horfi bjartsýn fram á veginn. Að lokum hvet ég alla til að til að fylgjast með okkur á https://www.facebook.com/thekkingarmidstod og til að skrá sig á póstlistann okkar en það er hægt að gera í gegnum heimasíðuna www.thekkingarmidstod.is

# Vel heppnuð hjálpartækjasýning á vegum Þekkingarmiðstöðvarinnar



Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra ávarpaði sýningargesti við upphaf Hjálpartækjasýningarinnar.

**Hjálpartækjasýning Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar var haldin dagana 7. – 8. júní í íþróttahúsi fatlaðra að Hátúni 14. Á sýningunni gafst tækifæri til að kynna sér þau hjálpartæki sem í boði eru í dag. Af þeim hjálpartækjum sem voru til sýnis má nefna léttasta hjólastól í heimi, rafmagnshjólastóla, tjáskiptatölvu og sérútbúnað í bíla. Sjúkratryggingar Íslands kynntu rafræna þjónustu sína og Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar veitti upplýsingar og kynnti miðstöðina. Þá kynntu fyrirtækin Eirberg, Fastus, Stoð, Öryggismiðstöðin og Össur margs konar hjálpartæki og annan búnað sem þau selja og gagnast fötluðum.**



Sjálfsbjargarfélagarnir Grétar Pétur Geirsson, formaður Sjálfsbjargar landssambands, Bergur Þorri Benjamínsson, málefnafulltrúi Sjálfsbjargar og Þorkell Sigurlaugsson, formaður stjórnar Sjálfsbjargarheimilisins ásamt Kristján Þór Júlíussyni, heilbrigðisráherra sem reynir fyrir sér í hjólastól.

Sýningin var sótt bæði af fötluðum og öðrum og var altalað hvað vel að verki var staðið. Fjölmenni var báða sýningardagana og var öll aðkoma að sýningargripum og aðstandendum fyrirtækja og stofnana til fyrirmyndar, en hægt var að fá ítarlegar upplýsingar um hvert tæki fyrir sig. Þeir sem sóttu sýninguna voru því meðvitaðri um þær leiðir sem hægt er að fara og hvert á að leita upplýsinga. Sýninguna setti Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráherra. Öllum gestum var boðið upp á kaffi og veitingar. Ljósmyndarar Klifurs voru á staðnum og tóku meðfylgjandi myndir.



Fjöldi fólks lagði leið sína á Hjálpartækjasýninguna sem mörg fyrirtæki styrktu.



Kynningarbásar voru margir og mikil fjölbreytni í hjálpartækjum sem kynnt voru.



Guðmundur Magnússon, formaður Öryrkjabandalags Íslands var mættur á Hjálpartækjasýninguna. Með honum á myndinni eru talið frá vinstri Lilja Þorgeirsdóttur framkvæmdarstjóra ÖBÍ, Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra, Tryggvi Friðjónsson, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar og Rannveig Bjarnadóttir, forstöðumaður Þekkingarmiðstöðvarinnar.



Sölumaður kynnir fyrir áhugasömum sýningargestum nýja tækni.



Hjól og hjólastólar fyrir fatlaða eru af mörgum stærðum og gerðum. Á myndinni prufar Rannveig Bjarnadóttir, forstöðumaður Þekkingarmiðstöðvarinnar, hjól sem Sigríður Anna Albertsdóttir á, en hún er með Rannveigu á myndinni.




Áhugasamir gestir á Hjálpartækjasýningunni ræddu málin og kynntu sér vöruúrvalið.




# Nokkur orð um baráttumálin

## BYGGINGAREGLUGERÐIN

Það má segja að frá því sumarleyfum lauk hafi margt verið á döfinni í starfsemi Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra. Fyrst ber að nefna að staðið hefur verið af krafti á móti breytingum á byggingareglugerð og þeim sjónarmiðum haldið fast á lofti að aðgengi fyrir alla samhliða algildri hönnun margborgi sig, ma. þegar litið er til hækkandi aldurssamsetningar þjóðarinnar. Umhverfisráðherra hefur verið gerð grein fyrir þessu og ekki er annað að sjá en þau skilaboð verði í heiðri höfð hjá ráðherranum. Eftir stendur þó að þær tölur sem hafa verið í umræðunni um að byggingarkostnaður aukist um tugi prósenta samfara nýrri reglugerð. Sú umræða er röng og segja tölur Mannvirkjastofnunar að aukin kostnaður sé óverulegur.

## BÍLASTYRKJAMÁL

Bílamálinn hafa verið fyrirferðarmikil og nú þegar hafa verið haldnir fundir með félags- og húsnæðismálaráðherra en undirritaður hefur einnig hitt fjármálaráðherra samhliða fundi með starfsmönnum hans. Ljóst er að hækka þarf styrki til bílakaupa en flestir styrkir hafa einungis hækkað um 20% á sl. 13 árum. Þar sem ákveðið hlutfall af verði bíls er ekki skilyrði í reglum velferðarráðuneytis hafa flestir styrkir, sem ekki hafa verið settir á ákveðna krónutölu, rýrnað mjög mikið samhliða hækkandi verðlagi.

## YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA FRÁ RÍKI TIL SVEITARFÉLAGA

Yfirfærsla á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga hefur verið nokkuð til umræðu og hafa fundir verið haldnir með nokkrum af sveitarstjórnarmönnum á höfuðborgarsvæðinu sem og á Vestfjörðum og Norðurlandi þar sem sjónarmiðum Sjálfsbjargar hefur verið komið á framfæri. Það liggur fyrir að farið var í yfirfærslu þrátt fyrir að dökk skýrsla Ríkisendurskoðunar gæfi tilefni til að staldra við. Þetta hefur leitt af sér óánægju meðal sveitarstjórnarmanna sem margir standa frammi fyrir hugsanlegum niðurskurði á þjónustu þar sem málaflokkurinn er rekinn með halla. Forsvarsmenn Sjálfsbjargar eiga eftir að fylgja þessu máli eftir og munu áfram eiga fundi með sveitarstjórnarfólki vítt og breitt um landið.

## ÖNNUR MÁL

Önnur mál sem verið er að vinna í er aukið aðgengi að náttúrunni samfara brottfalli laga um náttúruvernd. Verður frumvarp unnið að nýju og lagt fram á Alþingi samkvæmt upplýsingum frá ráðherra. Einnig má nefna að Sjálfsbjörg er í samstarfi við Strætó bs. með það að markmiði að auka notkun og aðgengi fatlaðra að strætisvögnum.

*Bergur Þorri Benjamínsson*
*Málefnafulltrúi Sjálfsbjargar lsf.*

Hefilverk ehf, Jörfalind 20
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki, Smiðjuvegi 11
Ingi hópferðir ehf, Laufbrekku 16
Ísfix ehf, Smiðjuvegi 6
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
Kambur ehf, Geirlandi v/Suðurlandsveg
Kópavogsbær,
Krafla ehf, Smáratorgi 3
Laxakort ehf, Akralind 3
Léttfeti ehf-Sendibíll, Engihjalla 1
Línan ehf, Bæjarlind 14-16
Loft og raftæki ehf, Hjallabrekku 1
Logey ehf, Vesturvör 7
Lyfjaval ehf, Hlíðasmára 1
MHG verslun ehf, Akralind 4
Nýþrif ehf, Laufbrekku 24
Pottagaldrar-mannrækt í matargerð, Laufbrekku 18
Rafbreidd ehf, heimilistækjaviðgerðir, Akralind 6
Rafholt ehf, Smiðjavegi 8
Rafmiðlun hf, Ögurhvarfi 8
Slot ehf, Dimmuhvarfi 21
Slökkvitækjaþjónustan ehf, Bakkabraut 16
Suðurverk hf, Hlíðasmára 11
Svissinn hjá Steina, Kársnesbraut 108
Vatn ehf, Skólagerði 40
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar, Nýbýlavegi 32
Vélaleiga Auberts Högnasona ehf, Hlíðarhjalla 7
www.weleda.is, Askalind 2

GARÐABÆR

66°Norður, Miðhrauni 11
Árvík hf, Garðatorgi 3
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf, Garðatorgi 3
Garðabær, Garðatorgi 7
Garðasókn, Kirkjuhvoli
Geislatækni ehf-Laser-þjónustan, Suðurhrauni 12c
Hannes Arnórsson ehf, Móaflöt 41
Icewear ehf, Suðurhrauni 12c
Krókur ehf, Suðurhrauni 3
Loftorka ehf, Miðhrauni 10
Marás ehf, Miðhrauni 13
Samhentir-Kassagerð ehf, Suðurhrauni 4
Silfursmári ehf, Birkihæð 1
Stálsmiðjan-Framtak ehf, Vesturhrauni 1
Úranus ehf, Hegranesi 21
Wurth á Íslandi ehf, Vesturhrauni 5
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

HAFNARFJÖRÐUR

Alpark ehf, parketþjónusta, Miðvangi 110
Ás, fasteignasala ehf, Fjarðargötu 17
Birgitta Guðlaugsdóttir, Heiðvangi 6
Byggingafélagið Sandfell ehf, Reykjavíkurvegi 66
DS lausnir ehf, Rauðhellu 5
Dverghamrar ehf, Lækjarbergi 46
Endurskoðun Ómars Kristjánssonar slf, Bæjarhrauni 8
Essei ehf, Hólshrauni 5
Ferskfiskur ehf, Bæjarhrauni 8
Fjarðargrjót ehf, Furuhlíð 4
Fjarðarmót ehf, Bæjarhrauni 8
Friðrik A Jónsson ehf, Miðhrauni 13
Garðasteinn ehf, Hvammabraut 10
Gullfari ehf, Vesturholti 2

# Takk fyrir stuðninginn

## HAFNARFJÖRÐUR

Héðinn Schindler lyftur hf, Gjótuhrauni 4
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhellu 1
Holtanesti, Melabraut 11
Hvalur hf, Reykjavíkurvegi 48
Hyggir ehf, endurskoðunarstofa, Reykjavíkurvegi 66
Höfn, öldrunarmiðstöð, Sólvangsvegi 1
Ísrör ehf, Hringhellu 12
Nonni Gull, Strandgötu 37
Pappír hf, Kaplahrauni 13
PON-Pétur O Nikulásson ehf, Melabraut 23
Rafgeymasalan ehf, Dalshrauni 17
Rafhitun ehf, Kaplahrauni 19
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8
Saltkaup hf, Cuxhavengötu 1
Sáning ehf, Úthlíð 23
Sjúkraþjálfarinn ehf, Strandgötu 75
Snittvélin ehf, Brekkutröð 3
Spennubreytar, Trönuhrauni 5
Stálorka, Hvaleyrarbraut 37
Stoðtækni ehf, Lækjargötu 34a
Stormur Seafood, Lónsbraut 1
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar sf,
Reykjavíkurvegi 60
Umbúðamiðlun ehf, Fornubúðum 3
Úthafsskip ehf, Fjarðargötu 13-15
Útvík hf, Eyrartröð 7-9
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64
Verkvík-Sandtak ehf, Rauðhellu 3
Víðir og Alda ehf, Reykjavíkurvegi 52a
Víking björgunarbúnaður ehf, Íshellu 7
www.snati.is, Lindarbergi 24
Þarfaþing hf, Drangahrauni 14

## ÁLFTANES

Dermis Zen slf, Miðskógum 1
Járnbrá ehf, Blikastíg 6

## REYKJANESBÆR

ÁÁ verktakar ehf, s: 421 6530 & 898 2210, Fitjabraut 4
B & B Guesthouse, Hringbraut 92a
DMM Lausnir ehf, Hafnargötu 91
Ferðaþjónusta Reykjaness ehf, Vesturbraut 12
Klettasteinn ehf, Iðavöllum 5b
Málverk slf, Skólavegi 36
Nesraf ehf, Grófinni 18a
PA hreinsun ehf, Norðurvöllum 56
Plastgerð Suðurnesja ehf, Framnesvegi 21
Rafiðn ehf, Víkurbraut 1
Raftré ehf, Pósthússtræti 3
Reiknistofa fiskmarkaða hf, Iðavöllum 7
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Suðurflug ehf, Keflavíkurflugvelli
TÍ slf, tannlæknastofa, Miðgarði 11
Toyota Reykjanesbæ
Verkfræðistofa Suðurnesja hf, Víkurbraut 13
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14
Vélasmiðja Ása og Óla ehf, Fitjabraut 26

## GRINDAVÍK

EVH verktakar ehf, Bakkalág 19
Halldór Þorláksson, Ásabraut 12
Jens Valgeir ehf, Iðavöllum 8
Marver ehf, Stafholti
Ó S fiskverkun ehf, Árnastíg 23
PGV Framtíðarform ehf, Kirkjustíg 5
Veiðafæraþjónustan ehf, Ægisgötu 3
Vísir hf, Hafnargötu 16
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

## SANDGERÐI

Fiskmarkaður Suðurnesja hf, Hafnargötu 8
Flugfiskur hf, Holtsgötu 37
K & G ehf, Hafnargötu 9
Orkan Sandgerði, Strandgötu 11
Verk- og tölvuþjónustan ehf, Holtsgötu 24
Þensla ehf, Strandgötu 26

## GARÐUR

Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4

## MOSFELLSBÆR

Afltak ehf, Völuteigi 1
Brunnlok ehf, Hraðastaðavegi 3
Dalsbú ehf, Helgadal
Eiríkur Smiður ehf, Grundartanga 23
Fagverk verktakar sf, Spóahöfða 18
Glertækni ehf, Völuteigi 21
Gunnar og Kjartan ehf, Bjargartanga 16
Hestaleigan Laxnesi, Laxnesi
Kvenfélag Mosfellsbæjar,
LEE rafverktakar ehf, Byggðarholti 1a
Múr og meira ehf, Brekkutanga 38
Nonni litli ehf, Þverholti 8
Röðull bílaverkstæði, Flugumýri 6
Sjúkraþjálfun Mosfellsbæjar, Skeljatanga 20
Skólavörur ehf, Markholti 2
Smíðavellir ehf, Blómsturvöllum

## AKRANES

Apótek Vesturlands ehf, Smiðjuvöllum 32
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar, Dalbraut 6
Bílver, bílaverkstæði ehf, Innnesvegi 1
Bjarmar ehf, vélaleiga, Hólmaflöt 2
Brautin ehf, Dalbraut 16
Fasteignasalan Hákot, Kirkjubraut 12
Garðar Jónsson, málarameistari, Einigrund 21
Golfklúbburinn Leynir, Grímsholti
Grastec ehf, Einigrund 9
Hópferðabílar Reynis Jóhannssonar ehf, Jörundarholti 39
Runólfur Hallfreðsson ehf, Álmskógum 1
Smurstöð Akraness sf, Smiðjuvöllum 2
Snókur verktakar ehf, Vogatungu
Vignir G. Jónsson hf, Smiðjuvöllum 4

## BORGARNES

Borgarbyggð, Borgarbraut 14
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf, Böðvarsgötu 11
Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsnesi
Ferðaþjónustan Húsafelli ehf, Húsafelli
Ferðaþjónustan Nes, www.nesreykholt.is, Reykholtsdal
Hársnyrtistofa Margrétar, Kveldúlfsgötu 27
Hótel Borgarnes hf, Egilsgötu 14-16
Jörvi hf, vinnuvélar, Hvanneyri
Vélaverkstæði Kristjáns ehf, Brákarbraut 20
Vélaverkstæðið Vogalæk, Vogalæk

## STYKKISHÓLMUR

Helgafellssveit, Birkilundi 43
Sæferðir ehf, Smiðjustíg 3

## GRUNDARFJÖRÐUR

Berg - vélsmiðja ehf, Ártúni 4
Hótel Framnes, Nesvegi 6

## ÓLAFSVÍK

Steinunn ehf, Bankastræti 3
Tölvuverk bókhaldsþjónusta slf, Kirkjutúni 2

## HELLISSANDUR

Hraðfrystihús Hellissands hf, Hafnarbakka 1
Skarðsvík ehf, Munaðarhóli 10

## BÚÐARDALUR

Kolur ehf, vinnuvélar og verktakar, Vesturbraut 12

## ÍSAFJÖRÐUR

Akstur og löndun ehf, Pólgötu 10
Bílverið ehf-Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar, Sindragötu 14
Hafnarbúðin, Hafnarhúsinu
Hafnarsjóður Ísafjarðarbæjar, Hafnarhúsinu
Hamraborg ehf, Hafnarstræti 7
Orkubú Vestfjarða ohf, Stakkanesi 1
Tækniþjónusta Vestfjarða ehf, Aðalstræti 26

## BOLUNGARVÍK

Bolungarvíkurkaupstaður, Aðalstræti 12
Fjalla Eyvindur ehf, Móholti 8
Klúka ehf, Holtabrún 6
Magnús Már ehf, Bakkastíg 6b
Málningarlagerinn sf, Skólastíg 15
Ráðhús ehf, Miðstræti 1
Sérleyfisferðir Bolungarvík-Ísafjörður, Aðalstræti 20
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf, Hafnargötu 17

## SÚÐAVÍK

Súðavíkurkirkja, Holtagötu 6

## SUÐUREYRI

Berti G ÍS-161, Eyrargötu 4

## PATREKSFJÖRÐUR

Eyfaraf ehf, Sigtúni 4
Gróðurhúsið í Moshlíð, Seftjörn
Nanna ehf, Hafnarsvæði
Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð, Eyrargötu 1

## TÁLKNAFJÖRÐUR

Félagsheimilið Dunhagi
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf, Bugatúni 8
Þórberg hf, Strandgötu 25

*Bergur Þorri Benjamínsson, málefnafulltrúi Sjálfsbjargar*

# „Reyni að stýra umræðunni á þann veg sem við teljum farsælast“

**Bergur Þorri Benjamínsson hefur verið málefnafulltrúi Sjálfsbjargar frá því um mitt ár 2011 og gegnt því lengst af með búsetu á Akureyri. Starf hans sem málefnafulltrúi hefur undið upp á sig og nú er Bergur Þorri kominn í nánast fullt starf á skrifstofunni í Reykjavík og fluttur í Hafnarfjörð. Í viðtali við Klifur var Bergur Þorri fyrst spurður um uppruna sinn.**




Bergur Þorri á skrifstofu sinni.

„Ég er fæddur á Akureyri, bjó í Öngulsstaðarhreppi sem síðar breyttist í Eyjafjarðarsveit. Leið mín lá í barnaskólann þar en eftir að ég náði aldri innritaðist ég í Verkmenntaskólann og átti ég lítið eftir af náminu þegar ég slasaðist í byggingarvinnu sumarið 1999. Meiðsli mín voru það mikil að ég hef notast við hjólastól síðan. Slysið hafði mikil áhrif á líf mitt og ég fann fljótt fyrir þeim hindrunum sem fatlaðir búa við, hvort sem það er við stjórnkerfið í réttindabaráttunni eða í aðgengi að byggingum. Ég barðist fyrst við kerfið á eigin spýtur og komst fljótt að því að einstaklingurinn má sín lítils gegn kerfinu og fór að líta í kringum mig og sá auglýstan aðalfund Sjálfsbjargar á Akureyri. Þetta var árið 2003 og mætti ég á þann fund og var með smá læti, hafði ýmislegt til málanna að leggja sem gerði það að verkum að ég var kosinn í varastjórn félagsins og þá má segja að barátta mín fyrir réttindum fatlaðra byrji fyrir alvöru auk þess sem ég ásamt öðrum í stjórninni þurftum að huga að rekstri félagsins, sem meðal annars rekur sjúkraþjálfunina að Bjargi. Segja má að málin hafi þróast hjá mér smám saman og í framhaldinu fór ég að taka virkan þátt í umræðunni um réttindi og aðgengi fatlaðra í þjóðfélaginu.

Þessi áhugi minn á málefnum fatlaðra kom eiginlega af sjálfu sér. Ég hef alltaf haft þörf fyrir að láta að mér kveða í landsmálum þjóðarinnar og hef verið á framboðslista Sjálfstæðisflokksins bæði til þingkosninga og bæjarstjórnarkosninga, setið í stjórn Varðar, félagi ungra sjálfstæðismanna á Akureyri og var formaður 2011-2012, þannig að það lá eiginlega beint við að ég færi á fullt skrið í fötlunarpólitíkinni og allt til dagsins í dag hef ég verið að leiða ferilmálin með aðstoð annarra góðra nefndarmanna. Okkar hlutverk sem erum í ferlinefndinni er að reyna að breyta áherslum og veita aðhald hvað varðar aðgengi í nýbyggingum og fleira og vona ég að mér hafi tekist að skila farsællega þeim störfum sem mér hefur verið falið í þessum efnum hingað til.

Hvað varðar áframhaldandi menntun þá varð mér strax ljóst að nánast öll orka sem maður hefur fer í að vera til eftir svona áfall og það má aldrei gefast upp sem ég hef því miður orðið var við að sumir hafa gert. Þegar ég hélt áfram menntun minni þá tók ég nokkur feilspor í þeim málum, fór m.a. í tölvunarfræði sem ekki hentaði mér en hef lokið B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri og kennsluréttindi á meistarastigi frá sama skóla.“

## Starfið aukist jafnt og þétt

*Bergur Þorri er spurður hvort áhugi hans á málefnum fatlaðra hafi ekki fljótt náð út fyrir Sjálfsbjörg á Akureyri.*

„Jú, jú, en það var samt ekki fyrr en í fyrra sem ég sat mitt fyrsta landsþing Sjálfsbjargar, hafði þá stuttu áður tekið við sem málefnafulltrúi landssambandsins. Ég hafði alltaf svo mikið að gera annað að ég mátti eiginlega ekki vera að því að sitja landsþing. Ég og fyrrverandi eiginkona mín giftum okkur árið 2004 og við áttum tvíburana, Birnu Dísellu og Benjamín Þorra árið 2006. Sambýliskona mín í dag er hins vegar Helga Magnúsdóttir en hún átti fyrir tvíburana Guðna Natan og Sigríði Stellu, svo það hefur verið í nógu að snúast síðustu árin. Ég hafði ætlað mér að sitja þing landssambandsins áður en alltaf var eitthvað sem kom í veg fyrir

# Takk fyrir stuðninginn

## BÍLDUDALUR
Hafkalk ehf, Dalbraut 56

## ÞINGEYRI
Bibbi Jóns ehf, Brekkugötu 31
Brautin sf, Vallargötu 8

## HÓLMAVÍK
Café Riis ehf, við Hafnarbraut

## ÁRNESHREPPUR
Hótel Djúpavík ehf, Árneshreppi

## HVAMMSTANGI
Húnaþing vestra, Hvammstangabraut 5

## BLÖNDUÓS
Húnavatnshreppur, Húnavöllum
Potturinn Restaurant, Norðurlandsvegi 4

## SKAGASTRÖND
Skagabyggð, Höfnum
Sveitarfélagið Skagaströnd, Túnbraut 1-3
Trésmiðja Helga Gunnarssonar ehf, Mánabraut 2

## SAUÐÁRKRÓKUR
Fisk - Seafood hf, Háeyri 1
Iðnsveinafélag Skagafjarðar, Sæmundargötu 7
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
K-Tak ehf, Borgartúni 1
Steinull hf, Skarðseyri 5
Stoð ehf, verkfræðistofa, Aðalgötu 21
Sveitarfélagið Skagafjörður,
Skagfirðingabraut 21, Ráðhúsi
Vörumiðlun ehf, Eyrarvegi 21

## VARMAHLÍÐ
Akrahreppur Skagafirði,
Hestasport - Ævintýraferðir ehf.

## SIGLUFJÖRÐUR
Siglufjarðarkirkja

## AKUREYRI
Átak Heilsurækt ehf, Strandgötu 14
Baldur Halldórsson ehf, Hlíðarenda
Baugsbót ehf, bifreiðaverkstæði, Frostagötu 1b
Bautinn og Smiðjan, veitingasala, Hafnarstræti 92
Bifreiðaverkstæði Bjarna Sigurjónssonar, Laufásgötu 5
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf, Fjölnisgötu 2a
Blikkrás ehf, Óseyri 16
Brekkusel-Gistiheimili, Byggðavegi 97
Eining-Iðja, Skipagötu 14
Fasteignasalan Hvammur ehf, Hafnarstræti 99-101
Félagsbúið Hallgilsstöðum
Friðrik Páll Jónsson, háls-, nef- og eyrnalæknir,
Austurbergi
Grófargil ehf, Glerárgötu 36
Hagvís ehf, heildverslun, Hvammi 1
Hnýfill ehf, Brekkugötu 36
Höldur ehf, bílaleiga, Tryggvabraut 12
Ísgát ehf, Furulundi 13f
Íslensk verðbréf hf, Strandgötu 3
J M J herrafataverslun, Gránufélagsgötu 4
Kælismiðjan Frost ehf, Fjölnisgötu 4b
Ljósco ehf, Ásabyggð 7
Malbikun KM ehf, Óseyri 8
Miðstöð ehf, Draupnisgötu 3g
Ólöf Steinunn Þórsdóttir, Bakka
Rafmenn ehf, Frostagötu 6c
Samvirkni ehf, Hafnarstræti 97
Stefna ehf, Hafnarstræti 97
Sveitahótelið Sveinbjarnargerði, Sveinbjarnargerði
Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar, Mýrarvegi
Timbra ehf,byggingarverktaki, Barrlundi 1
Ösp sf, trésmiðja, Furulundi 15f

## GRENIVÍK
Grýtubakkahreppur, Gamla skólahúsinu

## GRÍMSEY
Sæbjörg ehf, Öldutúni 3

## DALVÍK
BHS, bíla- og vélaverkstæði, Fossbrún 2
Bjarmi sf, Hringtúni 30
Bruggsmiðjan ehf, Öldugötu 22
Ektafiskur ehf, Hafnargötu 6
G.Ben útgerðarfélag ehf, Ægisgötu 3
Híbýlamálun,málningarþjónusta ehf, Reynihólum 4
Kussungur ehf, Ásvegi 3
Promens Dalvík ehf, Gunnarsbraut 12
Tréverk ehf, Dalvík, Grundargötu 8-10

## ÓLAFSFJÖRÐUR
Norlandia ehf, Múlavegi 3

## HRÍSEY
Einangrunarstöðin Hrísey Hvatastöðum, Austurvegi 8

## HÚSAVÍK
Bílaleiga Húsavíkur ehf, Garðarsbraut 66
Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Garðarsbraut 9
Fatahreinsun Húsavíkur sf, Túngötu 1
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf, www.fjallasyn.is,
Smiðjuteigi 7
Kvenfélag Reykdæla,
Landsbanki Íslands, Garðarsbraut 19
Langanes hf, Skólagarði 6
Samgönguminjasafnið Ystafelli, Ystafelli 3
Steinsteypir ehf, Hafralæk II
Trésmiðjan Rein ehf, Rein
Tjörneshreppur, Ytri-Tungu
Víkurraf ehf, Garðarsbraut 18a

## LAUGAR
Norðurpóll ehf, Laugabrekku Reykjadal

## MÝVATN
Hlíð ferðaþjónusta ehf, Reykjahlíð
Skútustaðahreppur, Hlíðavegi 6

## RAUFARHÖFN
Hótel Norðurljós, Aðalbraut 2

## ÞÓRSHÖFN
Ferðaþjónusta bænda, Ytra-Álandi
Haki ehf, Langanesvegi 29

## VOPNAFJÖRÐUR
Bílar og vélar ehf, Hafnarbyggð 14a
Símabær ehf, Þönglabakka 1

## EGILSSTAÐIR
Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf, Miðvangi 2-4
Bólholt ehf, Lagarfelli 10
Ferðaskrifstofa Austurlands, Miðvangi 1
Héraðsprent ehf, Miðvangi 1
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1
Miðás ehf-Brúnás innréttingar, Miðási 9
Skrifstofuþjónusta Austurlands ehf, Fagradalsbraut 11
Ökuskóli Austurlands sf, Lagarfelli 11

## SEYÐISFJÖRÐUR
Brimberg ehf, Hafnargötu 47

## REYÐARFJÖRÐUR
Launafl ehf, Hrauni 3
Tærgesen, veitinga- og gistihús

## ESKIFJÖRÐUR
Egersund Ísland ehf, Hafnargötu 2
Eskja hf, Strandgötu 39
Fjarðaþrif ehf, Strandgötu 46c
Glussi ehf, viðgerðir, Strandgötu 43
R.H. gröfur ehf, Helgafelli 9
Ökuskóli Austfjarða ehf, Bleiksárhlíð 55

## NESKAUPSSTAÐUR
Fjarðahótel, Egilsbraut 1
Lolli ehf, Egilsbraut 6
Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf, Hafnarbraut 10
Samvinnufélag útgerðamanna, Neskaupstað,
Hafnarbraut 6

## FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR
Loðnuvinnslan hf, Skólavegi 59

## BREIÐDALSVÍK
Dýralæknirinn á Breiðdalsvík, Ásvegi 31
Hótel Bláfell, Sólvöllum 14

## DJÚPIVOGUR
Fornustekkar ehf, Þiljuvöllum
Hótel Framtíð ehf, Vogalandi 4
Við Voginn ehf, Vogalandi 2

## HÖFN Í HORNAFIRÐI
Bókhaldsstofan ehf, Krosseyjarvegi 17
Funi ehf, sorphreinsun, Ártúni
Jökulsárlón ehf
Króm og hvítt ehf, Álaleiru 7
Sigurður Ólafsson ehf, Hlíðartúni 21
Vatnajokull Travel, Bugðuleiru 3
Þingvað ehf, Tjarnarbrú 3

## SELFOSS
Árvirkinn ehf, Eyravegi 32
Bisk-verk ehf, Bjarkarbraut 3, Reykholt
Bjarnabúð, Brautarhóli
Blikk ehf, Eyravegi 55
Brandugla slf, þýðingar, Erlurima 8
Fasteignasalan Árborgir ehf, Austurvegi 6

það, en þegar ég sat loks þingið í fyrra var ég kosinn í varastjórn Sjálfsbjargar.
Hvað varðar starf mitt hjá Landssambandinu þá hóf ég störf í júní 2011, fyrst í litlu hlutastarfi sem hefur aukist jafn og þétt og er 75% starf nú og hef hafið störf á skrifstofunni í Hátúni, er fluttur suður og bý í Hafnarfirði."

## Að koma réttlætismálum á framfæri

*Bergur Þorri er beðinn um að lýsa starfi sínu.* „Starf mitt sem málefnafulltrúi felst í að koma okkar boðskap og áherslum sem við teljum réttlætismál á framfæri. Við erum til dæmis nú að koma á framfæri réttum upplýsingum hvað varðar nýja byggingarreglugerð og það verður að segjast eins og er að það er rosalegur slagur. Það eru ákveðnar fullyrðingar í umræðunni um nýja byggingarreglugerð sem einfaldlega eru ekki réttar og það virðist ekki vera nokkur lifandi leið að leiðrétta þær.

Það sem er að gerast er að Samtök iðnaðarins (SI) hafa sett fram þá skoðun að rétt sé að skipta nýrri byggingarreglugerð upp „þannig að unnt verði að uppfylla ítrustu kröfur fyrir öryrkja og fatlaða, aldraða og alla þá sem þurfa sérþjónustu en jafnframt verði löglegt að reisa ódýrari íbúðir fyrir þá sem ekki þurfa sérstakan aðbúnað. Viðræður hafa nú þegar farið fram á milli Samtaka iðnaðarins og Sjálfsbjargar landsambands fatlaðra um hvernig megi nálgast sjónarmið beggja aðila. Það hefur verið ófrávíkjanleg krafa Sjálfsbjargar að allt húsnæði verði hannað fyrir alla fatlaða sem og ófatlaða þannig að aðgengi fyrir fatlaða verði tryggt, alltaf, alls staðar. Niðurstaða þeirra viðræðna var að láta reyna á samráð beggja aðila í gegnum Mannvirkjastofnun.

Í Fréttablaðinu kom félags- og húsnæðismálaráðherra með þá annars ágætu hugmynd að tengja úrbætur í húsnæðismálum við kjarasamninga. Í þættinum Sjónmáli nefndi sami ráðherra að kostnaðaraukning við umræddar reglugerðarbreytingar væri um 11% og byggði það á mati sem SI samtökin og Búseti létu gera á kostnaði við tiltekið hús sem þessir aðilar völdu að skoða.

Sjálfsbjörg hefur mótmælt þessum tölum. Í kjölfarið fól Mannvirkjastofnun óháðum aðila, verkfræðistofunni Mannviti, að leggja mat á kostnaðinn og var niðurstaða Mannvits að hækkunin væri á bilinu 2.2% til 3.1%. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur nú þegar ákveðið að gera tilteknar breytingar á byggingarreglugerðinni frá því hún tók fyrst gildi, sem draga enn frekar úr þessari hækkun og er metið að hækkun byggingarkostnaðar við húsið sem SI hafa valið að miða við sé 0.35%. Kostnaðaraukinn er því óverulegur og fráleitt að hverfa frá því framfaraspori sem tekið var við gildistöku reglugerðarinnar.

Grunnstefið er því í minni vinnu að koma réttum skilaboðum á framfæri með greinaskrifum og að koma að umræðunni í fjölmiðlum. Þessi umræða m.a. um byggingarreglugerðina gengur í bylgjum og inn á milli þá hef ég tekið í önnur störf sem tengjast málefnum okkar og baráttu fyrir hlutum sem við vissulega eigum rétt á eins og aðrir þjóðfélagsþegnar og ég reyni mitt besta til að reyna stýra umræðunni á þann veg sem við teljum farsælast fyrir okkar fólk, senda skilaboð og fylgja þeim eftir með skrifum og fundum með ráðamönnum og höfum við að undanförnu verið dugleg að hitta ráðherra, ráðuneytisfólk og aðra sem koma að byggingarmálum og aðgengi og fylgt þannig okkar málum vel eftir, en eins og ég segi þá er við ramman reip að draga og við njótum ekki þess skilnings sem við teljum að þurfi til að ná breytingum fram.

Af öðrum málum sem eru ofarlega á blaði hjá mér eru bílamálin sem við höfum barist fyrir að verði lagfærð þannig að fatlaðir geti keypt sér nýja bíla á einhverjum tilteknum ára fresti án þess að það verði þeim of erfitt. Lítið hefur gerst í þeim málum. Plástrar hafa verið settir hér og þar en ég vil meina að það kerfi sem var í kringum aldamótin og var ágætt, hafi verið eyðilagt í kringum 2003 til 2004 og síðan hefur verið mjög erfitt fyrir fatlaða einstaklinga að kaupa sér nýjan bíl og nánast ógerlegt í dag."



Helga kærasta Bergs ásamt börnum hans þeim Birnu Dísellu og Benjamín Þorra.

## Samstaða þarf að vera um baráttumálin

*Bergur Þorri er að lokum spurður hvers vegna sé yfirleitt alltaf á brattan að sækja þegar kemur að málefnum fatlaðra.*
„Það má kannski að einhverju leyti rekja til aðferða sem við höfum verið að nota í gegnum tíðina hversu illa okkur hefur gengið að koma baráttumálum okkar í höfn. Við erum ekki nógu dugleg að koma okkur á framfæri sem að mínu mati kemur síðan út eins og að fólk hafi ekki nægan skilning á okkar málefnum og þeim erfiðleikum sem blasa við okkur í samfélaginu. Annað í þessu er að það eru mjög mörg baráttusamtök hér á landi sem öll þurfa á peningum að halda til að halda úti starfsemi sinni og koma áherslumálum á framfæri og við erum lítil þjóð með litla peninga sem gerir það að verkum að lítið er til skiptanna úr ríkiskassanum. Í Noregi er sú regla að þegar náð er vissum fjölda í félagatali þá kemur styrkur frá ríkinu og hefur sú regla gefist vel, hér er engu slíku fyrir að fara og allir styrkir til samtaka lausir í reipunum og geta verið tilviljanakenndir. Við verðum því að nota þær aðferðir sem við teljum bestar og auðvitað eru skiptar skoðanir um hverjar eru bestu aðferðirnar.

Ég tel mjög mikilvægt að samstaða náist um það hvernig baráttan eigi að fara fram og ég tel að sú umræða hafi ekki verið tekin á nógu markvissan hátt. Og eitt er mjög umhugsunarvert hér á landi sem er, að mörg samtök, hvaða nafni sem þau heita, eru að skjóta skjólhúsi yfir sína félagsmenn og það gerum við vissulega í Sjálfsbjörg. Þetta er gert vegna þess að neyðin er til staðar en slík starfsemi er hlutverk ríkis og sveitarfélaga sem ekki standa sig sem skyldi í þessum málum og því er oft verið af litlum mætti að koma til hjálpar þegar neyðin er mikil."

Ferðaþjónustan Gullfossi ehf, Brattholti
Formax-Paralamp ehf, Gegnishólaparti
Fossvélar ehf, Hellismýri 7
Gaulverjar ehf, Gaulverjaskóla
Gesthús Selfossi, gistihús og tjaldsvæði, Engjavegi 56
Gufuhlíð ehf, Gufuhlíð
Jeppasmiðjan ehf, Ljónsstöðum
Písl ehf, Grenigrund 13
Sjúkraþjálfunin Máttur, Gagnheiði 65
Súluholt ehf, Súluholti
Tré og straumar ehf, Björnskoti
Veitingastaðurinn Menam, Eyravegi 8
Verkfræðistofa Suðurlands ehf, Austurvegi 1-5

## HVERAGERÐI

Dvalarheimilið Ás, Hverahlíð 20
Hótel Örk, Breiðumörk 1c
Hveragerðiskirkja,
Kjörís ehf, Austurmörk 15
Raftaug ehf, Borgarheiði 11h

## ÞORLÁKSHÖFN

Fiskmark ehf, Hafnarskeiði 21
Frostfiskur ehf, Hafnarskeiði 6
Járnkarlinn ehf, Unubakka 12
Landsbanki Íslands, Hafnarbergi 1

## ÖLFUS

Ölfusgluggar ehf, Ferjukoti

## FLÚÐIR

Varmalækur ehf, Laugalæk

## HELLA

Hellir-inn,ferðamannagisting, Ægissíðu 4
Hestvit ehf, Árbakka
Kanslarinn veitingahús, Dynskálum 10
Kvenfélagið Sigurvon

## HVOLSVÖLLUR

Búaðföng-bu.is, Stórólfsvelli
Eyrarbúið ehf, Þorvaldseyri
Ferðaþjónusta bænda Stóru-Mörk, Stóru-Mörk 3
Ferðaþjónustan Hellishólum ehf

## VÍK

Mýrdælingur ehf, Suðurvíkurvegi 2
RafSuð ehf, Suðurvíkurvegi 6

## KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Búval ehf Kirkjubæjarklaustri, Iðjuvöllum 3
Ferðaþjónustan Efri-Vík ehf, Efri-Vík
Hjúkrunar og dvalarheimilið Klausturhólar

## VESTMANNAEYJAR

Áhaldaleigan ehf, Skildingavegi 10-12
Bessi hf
Ísfélag Vestmannaeyja hf, Strandvegi 28
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun, Ofanleitisvegi 15-19
Langa ehf, Eiðisvegi 5
Miðstöðin ehf, Strandvegi 30
Ós ehf, Illugagötu 44
Rannsóknarþjónustan, Strandvegi 50
Vélaverkstæðið Þór ehf, Norðursundi 9



STOÐ sérfræðingar í hjálpartækjum
KYNNTU ÞÉR VEFINN OKKAR - WWW.STOD.IS
| Trönuhrauni 8 | 220 Hafnarfirði | Sími 565 2885 | www.stod.is | stod@stod.is

HOTEL
VESTMANNAEYJAR
VIÐ VERÐUM AÐGENGILEG
Næsta sumar opnum við nýja álmu
þá verður betra aðgengi að Hótel Vestmannaeyjum.
VERIÐ VELKOMIN
Vestmannabraut 28, 900 Vestmannaeyjar ICELAND
Sími/tel. +354 481 2900 Fax +354 481 1696
E-mail: booking@hotelvestmannaeyjar.is
http://www.hotelvestmannaeyjar.is




*Svipmyndir úr afmælinu*

# Sjálfsbjargarheimilið 40 ára



SFR
FYRIRMYNDAR
STOFNUN
2013

Sjálfsbjargarhúsið er fyrsta byggingin á Íslandi sem er byggð með aðgengi fyrir fatlaða. Stór hluti hússins hýsir Sjálfsbjargarheimilið sem fagnaði 40 ára afmæli í sumar.
Þess má geta að Sjálfsbjargarheimilið hefur fjórum sinnum fengið viðurkenningu sem fyrirmyndarstofnun SFR – Stéttarfélags í almannaþjónustu. Í fyrsta skipti sem slík viðurkenning var veitt árið 2006 og síðan árin 2008, 2009 og 2013. Í tilefni afmælisins var boðið til fagnaðar í Sjálfsbjargarhúsinu og var vel mætt og gestir skemmtu sér konunglega eins og sjá má af þeim myndum sem teknar voru í samkvæminum en þar voru mættir m.a. velunnarar Sjálfsbjargarheimilisins, íbúar og starfsmenn. / HK































## *Sjálfsbjörg þakkar stuðninginn*

Arion banki

Reykjavíkurborg

ASÍ
Alþýðusamband Íslands

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

SAM
SAMTÖK AFURÐASTÖÐVA Í MJÓLKURIÐNAÐI

Góa
Stofnað 1968

SYTRA ehf



## Brynjar Þór Halldórsson

*F. 14. 5. 1938 ~ D. 20. 12. 2012*



## Brynhildur Lilja Bjarnadóttir

*F. 20. 2. 1934 ~ D. 13. 8. 2013*

Sjálfsbjargarfélagar hafa mátt sjá á bak tveimur dyggum félögum sem skilað hafa góðu dagsverki fyrir samtökin á liðnum áratugum, þeim Brynhildi Lilju Bjarnadóttur og Brynjari Þór Halldórssyni. Bæði gegndu þau formennsku í Sjálfsbjörg félagi fatlaðra á Húsavík og nágrenni um árabil. Þau sátu um tíma saman í stjórn félagsins, þá annað sem formaður en hitt sem ritari. Þau áttu ýmislegt annað sameiginlegt. Bæði voru heiðruð fyrir störf sín á vegum Sjálfsbjargar með gullmerki samtakanna. Bæði sátu þau mörg þing og gegndu öðrum trúnaðarstörfum á vegum samtakanna. Í störfum sínum var Brynjar ötull við að benda á hvar úrbóta væri þörf í aðgengismálum og voru ófá fyrirtækin sem fengu afhenta hina táknrænu viðurkenningu „Þránd í Götu“. Brynhildur heimsótti ma. skóla á starfssvæði félagsins í tengslum við svokallaða Sjálfsbjargarviku þar sem hún fræddi börn um það að vera fatlaður. Ekki einungis unnu þau óeigingjarnt starf í þágu Sjálfsbjargar heldur höfðu þau lag á umfram marga að gefa lífinu lit, þá sérstaklega í bundnu máli. Brynjar var hagyrðingur góður og Brynhildur ekki síðri. Á þingi Sjálfsbjargar árið 1992 sendi Brynhildur þingfulltrúum kveðju og segir þar meðal annars:

*Ótal fyrir augum mér*
*yndis-myndir skína.*
*Ykkur öllum BINNI ber*
*bestu kveðju mína.*

Við fráfall góðra félaga votta ég öllum aðstandendum Brynjars og Brynhildar samúð mína.

*Grétar Pétur Geirsson*
*formaður Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra*

# Sudoku

Þrjárr Sudoku talnaþrautir, Fyrsta auðveld og hinar erfiðari.
Til að þrautin sé rétt fyllt út þarf að birtast í hverjum 3x3 reit tölurnar 1-9. Það verður að gerast þannig að hver 9 reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | 7 | | | |
| 1 | | 4 | | | | | | 6 |
| 6 | 7 | | 4 | | | | | |
| 7 | | 5 | | | | 9 | 6 | |
| 3 | | 1 | | | | 2 | | 4 |
| | 9 | 6 | | | | 5 | | 3 |
| | | | | | 8 | | 9 | 7 |
| 2 | | | | | | 3 | | 1 |
| | | | 5 | 4 | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 4 | | | |
| 5 | 2 | | 1 | | | 4 | | 3 |
| | 4 | | 7 | 3 | | 8 | | |
| 8 | | 1 | | 6 | | | | |
| | | | | 2 | | | | |
| | | | | 1 | | 6 | | 4 |
| | | 4 | | 7 | 8 | | 9 | |
| 7 | | 8 | | | 1 | | 6 | 2 |
| | | | 9 | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 9 | | 4 | | | 6 |
| | 1 | | 6 | | | | 2 | |
| 6 | | | | | 7 | 4 | | 5 |
| | | | | | | | 3 | |
| 7 | | | 3 | | 6 | | | 9 |
| | 9 | | | | | | | |
| 4 | | 3 | 8 | | | | | 2 |
| | 8 | | | | 2 | | 6 | |
| 1 | | | 4 | | 5 | | 9 | |

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
|  | | | | | | → | ↓ | háski | pikka | hæga-gangur | svifryk | | skvetta |
| | | | | | | delana | | | | | | 10 | |
| | | | | | | reifur | | | | | | næringin | 4 |
| | | | | | | kvendýr | | áhald<br>skjóðuna | | | öxull<br>6 eins | | |
| Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð. | ↓ | skítugur | krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510 | glóð | gargað<br>smurða | | | | duglausa<br>röð | | | | |
| klófestir | | | 8 | | | | ↓ | | | áttund<br>atorka | | | |
| veisla | | | mataðist<br>batna | | | vömbin | | | | | | | skrifar |
| kryddað | | | | | | | ↓ | 6 | endir og upphaf<br>goð | | | | |
| ella | 2 | | | kjökur | | sefaði | | | | | | | |
| taða | | | | | | afundna<br>stakur | | | 9 | | | eyðimörk | 3 |
| fuglar | | | | | rengt | | | | | fugl | áttund<br>skordýr | | |
| | ↓ | andinn<br>mundar | | | | | | angan | | | | | |
| vitni | | | | | staur | | ávinnur | sefað<br>sigla | | | | | nýttri |
| strákapör | | | tæmdar<br>vel stórt | 12 | | | | | gin | | | | |
| glepja | | | | | | æti<br>káma | | | | | | aumar | 7 |
| traust | | | | spælda | | | | | sigraði | 5 | röð<br>flinka | | |
| | | sadda<br>meidd | | | | | | ambátt | 1 | þögula | | | |
| röð | | | | söngvari | útlimi<br>utan | | | | | sturluð | | | |
| | ↳ | | → | | | | pirrar | | | 11 | | | |
| trýni | | 13 | | | | | 2 eins | | | fugl | | | |

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | | | | | |




# Paratabs®

*– Öflugur verkjabani!*

**Notkunarsvið:** Paratabs inniheldur virka efnið parasetamól 500 mg. Paratabs er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið er m.a. notað við höfuðverk, tannverk, tíðaverk, vöðvaverk og hita. **Skömmtun:** Fullorðnir og unglingar sem eru 50 kg eða þyngri: 1 til 2 töflur á 4 til 6 klst.fresti eftir þörfum, að hámarki 6 töflur/3 g á dag. Börn og unglingar sem eru 43-50 kg að þyngd: 1 tafla á 4 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 5 töflur/2,5 g á dag. Börn sem eru 34-43 kg að þyngd: 1 tafla á 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 4 töflur/2 g á dag. Börn sem eru 26-34 kg að þyngd: ½ tafla á 4 klst. fresti eða 1 tafla á 6 klst.fresti eftir þörfum, að hámarki 3 töflur/1,5 g á dag. Paratabs 500 mg er ekki ætlað börnum sem eru innan við 26 kg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi, samhliða meðferð með lyfjum sem hafa áhrif á á lifrarstarfsemi, skort á glúkósa-6-fosfatdehýdrógenasa, rauðalosblóðleysi, ofnotkun áfengis, ofþornun og langavarandi vannæringu. Forðast skal samhliða notkun Paratabs og áfengis. Paratabs á ekki að nota samtímis öðrum lyfjum sem innihalda parasetamól. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarksskammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Langvarandi notkun getur valdið alvarlegum og tíðum höfuðverkjum. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með astma, sem eru næmir fyrir acetýlsalicýlsýru. Ef hár hiti eða einkenni sýkingar eru enn til staðar eftir meðferð í meira en 3 daga, eða ef verkur er enn til staðar eftir meðferð í meira en 5 daga, skal leita til læknis. **Meðganga og brjóstagjöf:** Nota má Paratabs í ráðlögðum skömmtum á meðgöngu eða samhliða brjóstagjöf. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt. Ekki taka meira en ráðlagðan skammt. Athugið að hærri skammtar en ráðlagðir eru geta valdið mjög alvarlegum lifrarskemmdum. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Júlí 2013.

Actavis